

# Sumarhátíð

DORMA Í DAG KL. 11<sup>00</sup>-17<sup>00</sup>  
Á SMÁRATORGI OG Í HOLTAGÖRÐUM



# 25%

afsláttur af öllum vörum\*

OG SUMAR-PLÚS AF VÖLDUM VÖRUM

{ BARA Í DAG 25. APRÍL }  
{ SUMARDAGINN FYRSTA }

\* Gildir ekki af Simbavörum eða ofan á önnur tilboð

VERSLANIR DORMA Á AKUREYRI OG ÍSAFIRÐI ERU LOKAÐAR Í DAG.



# Fyrir þínar bestu stundir!




## Stillanlegt og þægilegt

- ❖ Einfaldur en frábær stillanlegur botn sem breytir stellingu þinni þegar þú vilt.
- ❖ Gríðarlega sterkur botn samsettur úr tvíhertri stálgrind og með afar hljóðlátum mótör. Fallegt, grátt slitsterkt áklæði er á botninum og hægt er að fá höfðagafli í stíl.
- ❖ Einföld, hnitmiðuð fjarstýring; einungis tveir takkar.
- ❖ Botninn dregst að veggnum þegar honum er lyft svo höfuðsvæði helst á sama stað. Þannig ert þú áfram við hliðina á náttborðinu, lampanum og/eða rekkjunautnum þótt botnar ykkar séu í ólíkri stöðu.
- ❖ Lyftigeta hvers botns er 450 kg og hann er viðhaldsfrír. Botninn er með enda- og hliðarstoppara til að hindra að dýnur færist til.
- ❖ Njóttu þess að finna þægilega stellingu til að lesa eða horfa á sjónvarp. Rétt stilling rúmsins eykur blóðflæði og/eða dregur úr bólgum í fótum eftir erfiðan dag. Dragðu úr hrotum og minnkaðu líkur á kæfisvefni með C&J Silver stillanlega botninum frá Dorma.



ENDA-  
STOPPARAR



HLIÐAR-  
STOPPARAR



EINFÖLD,  
HNITMIÐUÐ  
FJARSTÝRING



Charlotte  Julien  
Dream your world™



**SHAPE**  
stillanlegt heilsurúm

90 x 210 x 24 cm Shape dýna á  
C&J Silver stillanlegum botni.  
Fullt verð: 182.900

SUMAR  
PLÚS  
**45%**  
AFSLÁTTUR

Aðeins **100.000 kr.**

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Ofnæmisprófuð
- Aloe Vera áklæði - silkimjúk áferð
- 5 ára ábyrgð á dýnu



**SHAPE DELUXE**  
stillanlegt heilsurúm

90 x 210 x 24 cm Shape Deluxe dýna  
á C&J Silver stillanlegum botni.  
Fullt verð: 202.900

SUMAR  
PLÚS  
**51%**  
AFSLÁTTUR

Aðeins **100.000 kr.**

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 4 cm shape memoryfoam
- 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
- Non-slip efni á botni
- Hindrar rykmaura
- 5 ára ábyrgð á dýnu
- Ofnæmisprófuð





## Gleðilegt sumar

Yngismeyjadagur, fyrsti dagur sumars, er runninn upp. Ljósmyndari Fréttablaðsins náði þessari mynd af tamningakonu undirbúa klár sinn fyrir sumarið í hesthúsaferfi Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ. Það var heldur hráslagalegt veður í gær en spáin fyrir daginn í dag er, nokkuð óvænt, ágæt. Fréttablaðið fjallar um sumarið á síðum 40 og 42. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Segir vera órofa samstöðu

**KJARAMÁL** „Þarna sjáum við órofa samstöðu atvinnurekenda um þá launastefnu sem mörkuð er í lífskjarasamningnum. Það er ekki hægt að túlka atkvæðagreiðsluna með öðrum hætti,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).  
Aðildarfélag SA samþykktu samningana með 98 prósentum greiddra atkvæða og var þátttakan um 74 prósent. „Það er mjög ánægjulegt og sendir mjög skýr skilaboð frá atvinnurekendum.“ – sar / sjá síðu 4

### Mikið styrkleikamerki fyrir Icelandair

**FLUG** „Ég held að þetta sé mjög mikið styrkleikamerki fyrir félagið að fá inn svona sjóð sem fjárfesti,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group. Hluthafafundur samþykkti í gær rúmlega 5,6 milljarða hlutafjár- aukningu í tengslum við kaup bandaríska fjárfestasjóðsins PAR Capital á um 11 prósentu hlut í félaginu.  
„Við teljum að langtímahorfur félagsins séu mjög sterkar og líka Íslands sem ferðamannalands.“  
Bogi Nils segir þetta styrkja hluthafahópinn og auka fjölbreytnina í

honum en PAR Capital hefur fjárfest mikið í bandarískum flugfélögum og ferðaþjónustufyrirtækjum.  
„Það er mjög gott fyrir hluthafahópinn að fá þessa reynslu og þekkingu inn. Við erum mjög ánægð með þetta. Þetta var samþykkt einróma á fundinum,“ segir Bogi Nils.  
Hann segir að Icelandair hafi verið í samskiptum við aðila frá sjóðnum í nokkur ár og átt fundi þar sem farið var yfir stöðuna. „Svo gerðist þetta í rauninni mjög hratt í byrjun apríl að gengið var frá þessum samningi sem

hluthafar hafa svo samþykkt nú.“  
Félagið hafi verið að leitast við að styrkja efnahagsreikninginn svo það sé betur í stakk búið til að vaxa og dafna. „Við vitum að flugrekstur er sveiflukennður og við þurfum að stilla efnahagsreikninginn miðað við það.“  
Þrátt fyrir að PAR Capital sé ekki þekkt fyrir að koma inn í félög og sitja með hendur í skauti býst Bogi Nils ekki við miklum breytingum fyrst um sinn. „Þeim líst vel á félagið og ég held það verði ekki miklar áherslubreytingar til að byrja með.“ – sar

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um Atla Heimi Sveinsson. **17**

**SPORT** KA er handhafi allra sex titlanna í blaki. **22**

**MENNING** Bæng nefnist nýtt leikrit, fullt af svörtum húmor, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu annað kvöld. **32**

**PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK**  
● SUMARGRILL

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Gleðilegt sumar**  
Opið í dag til miðnættis  
í Lyfju Lágmúla, Granda  
og Smáratorgi

Sjá fleiri opnunartíma á lyfja.is

**LYFJA**  
– Lífið heil



## Veður



Léttir til víða um land í dag, en þykkar upp S- og A-til og fer að rigna þar um kvöldið. Hægt hlýnandi veður og hiti 10 til 17 stig eftir hádegi, hlýjast á V-landi. **SJÁ SIÐU 28**



Finnafjörður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Saknar samráðs um Finnafjörð

**UMHVERFISMÁL** Reimar Sigurjónsson, bóndi á Felli í Finnafirði, segir ekki hafa verið hlustað á hug sinn til mögulegrar stórskipa- og umskipunarhafnar í Finnafirði. Umrædd framkvæmd mun hafa mikil áhrif á fjörð hans þar sem hann yrði næsti ábúandi við tilvonandi höfn. Hann segir hugmyndirnar ekki alveg ríma við þá uppbyggingu sem hann sé með á fjörð sinni.

„Ég er neikvæður í garð þessara mögulegu framkvæmda því ég tel þetta ekki til hagsbóta. Þetta er heldur ekki í nokkrum tengslum við það sem ég er að byggja upp sem er ferðaþjónusta á fjörðinni minni. Þar er ég að selja ósnortna náttúru, kyrrðina, hvað við erum afskekkt og á landsvæði sem hefur ekki verið breytt af mannavöldum. Því myndu þessi áform hafa afar mikil áhrif á það.“

Fjörð Reimars er rétt utan mögulegs byggingasvæðis hafnarinnar og hann telur ólíklegt að hér sé um að ræða umhverfisvæna höfn eins og menn hafa reynt að selja upp á síðkastið. „Auðvitað mun þetta hafa mikil umhverfisáhrif og ég tala nú ekki um ef slys ber að höndum. Einnig fannst okkur leiðinlegt að það hafi í rauninni ekki verið rætt við okkur ábúendur fyrr en verkfnið var eiginlega klappað og klárt í sveitarstjórninni,“ segir Reimar.

Þýska fyrirtækið BremenPort mun byggja höfnina að sögn Elíasar Péturssonar, sveitarstjóra Langanesbyggðar. Engir fjármunir munu því koma frá ríki eða sveitarfélaginu til uppbyggingar hafnarinnar. –sa

## Upplestur á bókmenntahátíð



Bókmenntahátíð í Reykjavík var formlega sett í gær og mun standa fram á sunnudag. Sigríður Hagalín Björnsdóttir var meðal þeirra höfundar sem lásu upp í Iðni og gærkvöldi. Ókeypis er inn á viðburðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ  
**+PLÚS**

Fleiri myndir frá hátíðinni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

## Banaslys í Langadal

**SLYS** Karlmaður lést í bílslysi í Langadal á þriðjudagskvöld. Bill hans hafnaði utan vegar og fór margar veltur, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni á Norðurlandi vestra.

Lífgunartilraunir báru ekki árangur og maðurinn var úrskurðaður látinn á vettvangi. Fréttablaðið.is greindi frá því á þriðjudagskvöld að þyrta Landhelgisgæslunnar var send á vettvang en hún lenti í slystað klukkan ellefu.

Fram kemur í tilkynningu lögreglunnar að hinn látni hafi verið með erlent ríkisfang en að ekki sé unnt að greina frá nafni hans að svo stöddu. Vegna vettvangsrannsókna var þjóðvegur 1 lokaður um tíma og vegfarendum beint um Svínvetningabraut og Skagastrandarveg og Þverárfjallsveg til Sauðárkróks.

Slysið á þriðjudag varð neðst í Bólstaðarhlíðarbrekku. Þetta er fyrsta banaslys ársins í umferðinni. –smj

# Gefast upp vegna álags

Nýliðun meðal sjúkraliða hefur ekki gengið í takt við spár. Formaður Sjúkraliðafélagsins segir stéttina vera að gefast upp vegna vinnuálags á sama tíma og eftirspurn fer vaxandi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Mörg dæmi eru um að sjúkraliðar gefist upp vegna vinnuálags og hefur nýliðun í faginu ekki gengið eftir. Líkt og greint var frá í síðustu viku er alvarlegur skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum og hefur þurft að fresta aðgerðum vegna þess. Ástandið er einnig slæmt þegar kemur að sjúkraliðum og segir Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, að ef ekki verði að gert muni heilbrigðisþjónusta skerðast.

Alls eru 2.100 sjúkraliðar starfandi á Íslandi í dag og er meðalaldurinn 47 ára. Samkvæmt mannaflaspá Embættis landlæknis frá árinu 2010 var gert ráð fyrir að þeir yrðu fleiri en 2.800 árið 2019. Er þá gert ráð fyrir 114 nýjum sjúkraliðum árlega til ársins 2030 en sú spá hefur ekki ræst til þessa. Aðeins um 60 af þeim sem útskrifast á hverju ári fara að starfa við fagið á sama tíma og 20 láta af störfum á ári sökum aldurs eða örorku. Það hefur leitt til þess að meirihluti þeirra sem starfa á öldrunarheimilum eru ófag-lærðir.

Sandra segir þörfina á sjúkraliðum ekki jafn sýnilega og þegar kemur að hjúkrunarfræðingum þar sem hjúkrunarfræðingar geti gengið í störf sjúkraliða en ekki öfugt. Ein birtingarmynd vandans er að skortur á sjúkraliðum eykur álagið á hjúkrunarfræðinga sem og annað samstarfsfólk. „Ef það er ekkert gert í málinum þá endar þetta með mjög skertri þjónustu og lélegri gæðum.“ Launin og starfsumhverfið eru



Alls eru 2.100 sjúkraliðar starfandi á Íslandi í dag, samkvæmt spá Landlæknis frá árinu 2009 var gert ráð fyrir að þeir yrðu 2.800. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fólk sem er að vinna krefjandi og erfið störf, þar sem verið er að sinna sjúklingum í sínum verstu tímum í lífinu, ræður yfirleitt ekki við að vinna í meira en 80 prósent hlutfalli í vaktavinnu, á meðan vinnuvikan er 40 klukkustundir. En vandinn er sá að enginn lifir á 80 prósent launum, þá fer fólk annað.**

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands



það sem skiptir öllu í þessu samhengi. „Fólk sem er að vinna krefjandi og erfið störf, þar sem verið er að sinna sjúklingum á þeirra verstu tímum í lífinu, ræður yfirleitt ekki við að vinna í meira en 80 prósent hlutfalli í vaktavinnu, á meðan vinnuvikan er 40 klukkustundir.

En vandinn er sá að enginn lifir á 80 prósent launum, þá fer fólk annað,“ segir Sandra. Hún hefur sjálf unnið nokkur tímabil í 100 prósent starfshlutfalli, hún segir það ekki ganga til langs tíma. „Það er ekkert heilbriggt við það að vinna á þrískiptum vökum í 100 prósent vinnu,“ segir Sandra.

Sjúkraliðar hafa í langan tíma verið langstærsti hópurinn sem sótt hefur til VIRK endurhæfingar- miðstöðvar vegna alvarlegrar kulnunar í starfi. Hefur félagið tekið eftir fjölgun þeirra sem búnir eru með veikindaréttinn hjá vinnuveitanda og sækja um sjúkradagpeninga.

Sandra segir það skjóta skökku við að þróunin sé á þessa leið á sama tíma og þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu fer vaxandi. „Íslendingar lifa lengur og hópurinn sem þarf á þjónustunni að halda stækkar. Fólk er með fjölbætt vandamál sem kalla á flókin hjúkrunarverkefni og fagaðstoð. Það endar ekki vel þegar álagið eykst á sama tíma og stéttin er að gefast upp vegna vinnuálags. Þetta er samfélagslegt verkefni sem þarf að fara ofan í saumana á.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Hefur þú prófað nýju kjúklingasteikurnar?

**NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HOLTU**

**Hólta KJÚKLINGUR**

ITÖLSK  
KJÚKLINGUR

KÖRESK  
KJÚKLINGUR





## Bókmenntir í Reykjavík

Bókmenntahátíð var sett í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær en hátíðin hefur starfað frá 1985. Fjölmarginir viðburðir verða í borginni fram á sunnudag en ókeypis er á viðburði, Ernir Eyjólfsson ljósmyndari Fréttablaðsins leit við í Ráðhúsinu og Iðnó í gær.





**GLEÐILEGT  
SUMAR**

**ÖLL  
TRAMPÓLÍN**

**20%**

GILDIR AÐEINS SUMARDAGINN FYRSTA

**ALLIR  
BLÓMAPOTTAR**

**20-40%**

GILDIR AÐEINS SUMARDAGINN FYRSTA

**ÖLL  
ÚTISÓFASETT**

**20%**

\*GILDIR ÚT 28. APRÍL

**ÖLL  
LEIKFÖNG**

**20%**

GILDIR AÐEINS SUMARDAGINN FYRSTA



OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM Í DAG



# ÍSAM stendur við verðhækkunir

**NEYTENDUR** Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSAM, segir að ekkert hafi breyst með samþykki nýrra kjarasamninga. Fyrirtækið standi við þær hækkunir sem boðaðar höfðu verið og að hækkunirnar hafi ekki verið boðaðar með það fyrir augum að fella samningana.

„Það hefur ekkert breyst þó að samningarnir hafi verið samþykktir. Þetta var ekki hótun um það að

það ætti að fella þá. Forsendur hafa ekki breyst við samþykkt samninganna,“ segir Hermann Stefánsson, forstjóri ÍSAM, í samtali við Fréttablaðið.is.

Hermann sendi tölvupóst síðasta föstudag á alla viðskiptavinum fyrir tækisins þar sem kom fram að allar vörur þess muni hækka um 3,9 prósent og að allar innfluttar vörur muni hækka um 1,9 prósent.

Hann segir að þau hafi skoðað

margar leiðir til að bregðast við hækkandi kostnaði en að í íslenskum iðnaði séu ekki margar leiðir til að bregðast við. Hjá ÍSAM starfa um 400 einstaklingar og þau hafi ekki viljað fækka þeim til að bregðast við auknum kostnaði.

„Það er að hækka söluverðið eða hagræða. Haggræðingar enda yfirleitt á einum stað, í fækkun starfsfólks og við höfum ekki viljað fara þá leið. Við erum búin að standa í

**Það hefur ekkert breyst þó að samningarnir hafi verið samþykktir.**

Hermann Stefánsson, forstjóri ÍSAM



miklum hagræðingaraðgerðum,“ segir Hermann. Spurður hvort hann hafi áhyggjur af hörðum viðbrögðum sem stéttarfélagin hafa boðað við hækkingunum og að viðskiptavinir ætli að sniðganga vörurnar játar hann því, ef aðgerðirnar beinist sérstaklega að þeim.

„Ef aðgerðirnar beinast sérstaklega að okkar félagi þá hef ég áhyggjur af því,“ segir Hermann. –la

## Viðurkenna mistök sín

**SRÍ LANKA** Stjórnvöld á Srí Lanka verða að axla ábyrgð á því að ekki var komið í veg fyrir hryðjuverkaárásir páskadags eða skaðinn af þeim lágmarkaður þótt það hefði verið hægt. Þetta sagði Ruwan Wijewardene, aðstoðarvarnarmálaráðherra Srí Lanka, í gær.

Að minnsta kosti 359 fórust í árásum og rúmlega fimm hundruð særðust. Áður var greint frá því að leynipjónusta landsins hafði fengið upplýsingar um að árásir gætu verið yfirvofandi en stjórnvöld voru ekki látin vita.

# 359

fórust í hryðjuverkaárásunum á páskadag.

„Við verðum að taka ábyrgð á þessu þar sem það hefði verið hægt að koma í veg fyrir eða lágmarka skaðann ef upplýsingarnar hefðu ratað í réttar hendur,“ sagði Wijewardene um málið. Lakshman Kiriella, forseti þingsins, sagði að embættismenn hefðu vísitandi komið í veg fyrir að stjórnvöld fengju upplýsingarnar.

Maithripala Sirisena, forseti Srí Lanka, hefur ákveðið að reka varnarmálaráðherra og ríkislögreglustjóra vegna málsins. – þea

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Vertu fyrst/ur  
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Samþykkt samninga fagnað

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru 3. apríl síðastliðinn voru samþykktir með miklum meirihluta atkvæða. Forsætisráðherra og aðilar vinnumarkaðarins fagna niðurstöðunum sem kynntar voru í gær.

**KJARAMÁL** „Þarna sjáum við órofa samstöðu atvinnurekenda um þá launastefnu sem mörkuð er í lífskjarasamningnum. Það er ekki hægt að túlka atkvæðagreiðsluna með öðrum hætti,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Aðildarfélag SA samþykktu samningana með 98 prósentum greiddra atkvæða og var þátttakan um 74 prósent. „Það er mjög ánægjulegt og sendir mjög skýr skilaboð frá atvinnurekendum.“

Nokkur umræða hefur skapast vegna verðhækkana sem einhver fyrirtæki hafa boðað vegna samninganna. „Eitt af yfirmarkmiðum kjarasamningsins er verðstöðugleiki og ég á ekki von á því að almennar hækkunir verði til þess að tefla því markmiði í hættu,“ segir Halldór.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir það að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að samningarnir hafi verið samþykktir. „Enda fela þeir í sér heilmikil tíðindi því uppbygging þeirra er nýmæli. Ég vona að þetta feli í sér tækifæri og verði til gæfu fyrir íslenskan almenning og íslenskt launafólk,“ segir Katrín.

Hluti af samningunum eru ýmsar aðgerðir stjórnvalda, meðal annars í skatta- og húsnæðismálum auk hækkunar barnabóta og lengingar fæðingarorlofs.

„Ég er búin leggja fyrir ríkisstjórn aðgerðaplan þar sem aðgerðum er skipt niður á ráðherra og ráðuneyti. Þetta er einn áfangi á lengri leið þar sem við erum núna að setja mjög mörk verkefni af stað og önnur lengra komin,“ segir Katrín.

Hún segist ætla að funda með aðilum vinnumarkaðarins í maímánuði og kynna þeim stöðuna á einstökum verkefnum.



Katrín Jakobsdóttir segir það fagnaðarefni að kjarasamningar hafi verið samþykktir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Úrslit atkvæðagreiðslna um lífskjarasamninginn.

### Starfsgreinasambandið

Já	3.770
Nei	816
Auðir	123
Kjörsókn	12,8%

### Landssamband íslenskra verslunarmanna

Já	6.857
Nei	753
Auðir	147
Kjörsókn	20,8%

### SA

Já	98%
Nei	2%
Kjörsókn	74%

Öll aðildarfélag Starfsgreinasambandsins (SGS) samþykktu samninginn. Í heildina voru um 80 prósent hlynnt samningnum en rúm 17 prósent á móti. Í aðeins tveimur félögum var stuðningur við samninginn undir 70 prósentum.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar sem er stærsta aðildarfélag SGS, var ánægður með niðurstöðurnar en 77 prósent félagsmanna samþykktu samninginn.

„Við erum mjög ánægð að sjá að félagsmenn bera traust til þess að þetta hafi verið ásættanleg niðurstaða og það er auðvitað jákvætt að finna það,“ segir Viðar.

Hjá Landssambandi íslenskra

verslunarmanna var svipað uppi á teningnum. Þar samþykktu rúm 88 prósent samninginn en tæp tíu prósent vildu hafna honum. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV og VR, segist sáttur við afgerandi niðurstöðu. „Þetta er það afgerandi að það er leiðbeinandi niðurstaða um að við séum réttir braut.“

Hann hefur þó áhyggjur af fréttum um verðhækkunir.

„Verði þessar hækkunir hjá þessum fyrirtækjum að veruleika munum við bregðast mjög harkalega við þessu vantrausti sem þessi fyrirtæki eru að reyna að mynda með gjá á milli vinnumarkaðarins og okkar sem erum reyna að fara í þessa jákvæðu vegferð.“

[sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)



FRUMSÝNUM NÝJAN JEEP® WRANGLER  
MEÐ DÍSELVÉL LAUGARDAGINN 27. APRÍL KL. 12 - 16



**JEEP® WRANGLER RUBICON**

Rock-Track® fjórhjóladrif, Select-Trac® millikassi, Tru-Lock® 100% driflæsingar að framan og aftan, aftengjanleg jafnvægisstöng að framan, Heavy Duty fram- og afturhásing, 17" álfelgur, 32" BF Goodrich Mudtrack hjólbarðar, bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð, bakkskynjarar, aðgerðarstýri, hraðastillir, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifnar rúður, rafdrifnir og upphitaðir hliðarspeglar og fjarstýrðar samlæsingar.


**WRANGLER RUBICON BENSÍN 273 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR  
VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.**

**WRANGLER RUBICON DÍSEL 200 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR  
VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.**



UMBOÐSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





*Gledilegt sumar*

**HEFST Í DAG**

# TAX FREE

**ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI**

**GRILL\***

**REIÐHJÓL**

**TRAMPÓLÍN**

**GARÐVERKFÆRI**

**SLÁTTUVÉLAR**



**Allir fá ís**

í dag Skútuvogi  
kl. 12-16



**Verkfæra-  
kynning**

Black+Decker  
verkfærakynning  
Skútuvogi  
kl. 13-16



**Pylsupartý**

Grillum pylsur í dag  
Skútuvogi  
kl. 13-15



**Stórar rósir**  
10 stk.

**2.490 kr.**  
~~3.490 kr.~~



**Ráðgjöf**

Vorverkin í garðinum  
í dag Skútuvogi  
kl. 12-16



\* Gildir ekki af Weber grillum

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afsættí, gildir ekki af tilboðsvörum eða vörum merktum „lægsta lága verð“ Húsasmiðjum. Að sjálfsgötu stendur Húsasmiðjan skíli á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs



## MARKAÐURINN

## Launakostnaður Símans aukist um 115 milljónir

Launakostnaður Símans mun hækka um 115 milljónir króna á árinu, að því gefnu að í kjarasamningum verði samið um krónutöluhækkunar í stað prósentu og á svipudum nótum og nýgerðir kjarasamningar. Þetta er mat Hagfræðideildar Landsbankans og birtist í afkomuspá.

Stjórnendur Símans hafa gefið það út að brugðist verði við hækkunum með auknum hagræðing-

araðgerðum með það að markmiði að halda launakostnaði í svipaðri krónutölu milli ára. Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að það takist að mestu hjá fyrirtækinu.

Að sama skapi ráðgera greinendur bankans að launakostnaður Símar muni aukast um 90 milljónir króna á árinu miðað við 550 starfsmenn í kjölfar nýrra kjarasamninga en slá sama varnagla og við spána varðandi Símann. – hvj



## Vöxtur Arctic Adventures ekki dregið úr gæðum

„Það er alrangt að dregið hafi úr gæðum í ferðaþjónustu samhlíða vexti Arctic Adventures. Það endurspeglast meðal annars í fjölbreyttara vöruframboði, sem margir ferðamenn sækjast í, og auknu öryggi ferðamanna,“ segir Jón Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arctic Adventures.

Leiðsögn, stéttarfélag leiðsögumanna, sagði í bréfi til Samkeppniseftirlitsins að aukin stærð og markaðsstyrkur Arctic Adventures hafi hingað til leitt til þess að gæðum ferðaþjónustunnar hafi hrakað í hlutfalli við vaxandi styrk fyrirtækisins.

Stéttarfélag leiðsögumanna, með Indriða Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóra, í stafni, lagðist gegn samruna Arctic Adventures og Into the Glacier og fleiri félaga, sem Samkeppniseftirlitið heimilaði og taldi hann geta haft áhrif á kjör leiðsögumanna.

„Viðskiptavinum fjölgaði verulega í fyrra. Þeir töldu 300 þúsund og það stefnir í verulega aukningu í ár. Ef þjónustan væri slök myndu ferðamennirnir leita annað. Á tímum samfélagsmiðla og ferðasiðna spyrst fljótt út þegar fyrirtæki veita slæma þjónustu,“ segir Jón Þór.

Í bréfi Leiðsagnar segir að fjöldi starfsmanna hjá Arctic Adventures hafi leitað til stéttarfélagsins vegna vanefnda fyrirtækisins á kjarasamningi. Aukinheldur séu starfsmenn, fyrst og fremst erlendir, skráðir í önnur stéttarfélög sem ekki fylgi kjarasamningi fyrir störfun og hótí atvinnumissi leiti þeir til félagsins.



Jón Þór Gunnarsson.

„Þetta er ekki rétt. Við höfum ekki fengið kvartanir frá starfsfólki og ef það koma upp vandamál leysum við að sjálfsögðu úr þeim. Okkur er annt um starfsmenn okkar. Hér starfa hátt í 200 leiðsögumenn, íslenskir og erlendir. Margir íslensku leiðsögumanna eru með þeim reyndari sem starfa á landinu. Starfsmenn hafa frjálstar hendur í hvaða stéttarfélagi þeir eru, enda er félagsafreisi mikilvægt í íslenskum lögum. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að þeir kjósi að vera í öðrum stéttarfélagum, til að mynda sjúkraréttindi eða aðgangur að orlofshúsum. Kjarasamningur leiðsögumanna stendur sama í hvaða stéttarfélagi fólk er.“

Jón Þór segir að það sé misskilningur að laun leiðsögumanna hafi lækkað við samruna við Extreme Iceland árið 2017. Samlegð hafi verið í samrunanum sem hafi gert það að verkum að færra starfsfólk þurfi til. „Arctic Adventures tók yfir framkvæmd á öllum ferðum og þegar í ljós kom að bæta þurfti við starfsfólki hjá Arctic voru þau störf auglýst, og sóttu margir um sem áður höfðu unnið fyrir Extreme Iceland og eru núna mikilvægur hluti af okkar leiðsögumannahópi. Þetta snerist ekki um að ráða fólk á lægra kaup.“ – hvj



Arion banki segir að dómurinn hafi ekki áhrif á yfirstandandi sölufærli færsluhirðisins Valitors. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 450 milljónir króna á ábyrgð Landsbankans

Valitor var dæmt til að greiða Datacell og Sunshine Press Productions 1,2 milljarða króna vegna lokunar á greiðslugátt. Landsbankinn í ábyrgð fyrir 450 milljónum af upphæðinni. Valitor segist líklega munu áfrýja dómnum.

Færsluhirðinum Valitor, dótturfélagi Arion banka, er gert að greiða Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) 1,2 milljarða króna í skaðabætur fyrir að slíta samningi um greiðslugátt fyrirvaralaust. Landsbankinn er í ábyrgð fyrir 456 milljónum króna af upphæðinni.

Dómur var kveðinn upp í gær en forsaga málsins er sú að Wikileaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og SPP ráku. Greiðslugáttin var opnuð 7. júlí 2011 en degi síðar sleit Valitor samningnum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmat og frá þeim tíma hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna riftunar. Dómkvaddir matsmenn mátu tjónið á 3,2 milljarða.

Dómarar í málinu töldu að veikleikar væru á þeim forsendum sem tölfræðilegir útreikningar matsmanna byggðust á og því væri ekki unnt að leggja niðurstöðu matsgerðarinnar til grundvallar sem sönnunargagn um umfang tjónsins.

„Samkvæmt niðurstöðu dómkvaddir matsmanna nam tjónið 3,2 milljörðum en dómurinn vikur því til hliðar og fer niður í 1,2 milljarða. Maður vonaðist nú ekki til að þeir myndu ýta matinu til hliðar. Svo erum við ekki sáttir við dráttarvextina en þetta er samt sigur,“ segir



Sveinn Andri Sveinsson.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell og Sunshine Press, í samtali við Fréttablaðið en krafa um vexti og dráttarvexti aftur í tímann kom ekki til álita. Þá hljóðaði aðalkrafa Datacell og SPP í málinu upp á 8,1 milljarð.

## Ábyrgist 38 prósent

Ljóst er að Landsbankinn muni þurfa að greiða 456 milljónir af heildarfjárhæðinni sem Valitor var dæmt til að greiða. Ástæðan er sú að þegar Landsbankinn seldi eignarhlut sinn í Valitor til Arion banka í desember 2014 gekkst Landsbankinn í ábyrgð fyrir 38 prósentum af þeim upphæðum sem Valitor kynni að þurfa að greiða vegna fjögurra mála. Þeirra á meðal var málaekstur Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) gegn Valitor.

Í kjölfar dómsins gaf Valitor út að málinu verði líklega áfrýjað til Landsréttar. Félagið furðaði sig á niðurstöðunni, sérstaklega varð-

andi SPP þar sem það hefði aldrei átt í neinu viðskiptasambandi við færsluhirðinn. Auk þess hefði SPP aldrei haft nema hverfandi tekjur en engu að síður gert margra milljarða dómskröfu á hendur fyrirtækinu. Þá benti fyrirtækið á að einn þriggja dómara hefði skilað séráliti og viljað sýkna Valitor.

Í séráliti Kjartans Bjarna Björgvinssonar héraðsdómara kemur fram að hann sé sammála meirihluta dómara um að riftun samningsins hafi leitt til fjárhagslegs tjóns. Hins vegar sé hann ósammála því að skilyrði sé fyrir því að ákvarða Datacell og SPP skaðabætur að álitum. Stefnendur hafi ekki fært nægilegar sönnur á fjártjón sitt og því beri að sýkna Valitor af kröfum þeirra.

Arion banki sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kom að dómurinn hefði neikvæð áhrif á afkomu bankasamstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi sem nema um 600 milljónum króna að teknu tilliti til skattaáhrifa. Þessi dómur, gjaldþrot WOW air og sala bankans á eignarhlut í Farice hefðu samantlagt neikvæð áhrif sem nema um 1,2 milljörðum króna á afkomu fjórðungsins. Þá hefur dómurinn ekki áhrif á yfirstandandi sölufærli Valitors að sögn bankans. [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is)

## Hagnaður Samkaupa jókst um 30 prósent milli ára

Hagnaður Samkaupa, þriðju stærstu matvörukeðju landsins, jókst um 30 prósent og var 336 milljónir króna árið 2018. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Kaupfélags Suðurnesja, sem á 59 prósentu hlut í matvörukeðjunni.

Arðsemi eigin fjár var 15 prósent, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins sem byggja á gögnum úr ársreikningi kaupfélagsins og ársreikningi Samkaupa frá 2017.

Samkaup keypti í fyrra af Basko sjö Iceland-verslanir, fimm verslanir 10-11 miðsvæðis í Reykjavík og báðar verslanir Háskólabúðarinnar. Samkaup reka Nettó, Kjörbúðina,



Samkaup reka Nettó. FRÉTTABLAÐIÐ/

336

milljóna króna hagnaður varð af rekstri Samkaupa árið 2018.

Krambúð, Samkaup Úrval og Samkaup Strax. Verslanirnar eru um 50, segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Ekki kemur fram í ársreikningi Kaupfélagsins hve mikil velta Samkaupa var á árinu en árið 2017 nam hún 25,6 milljörðum króna. – hvj

## FUNDARBOÐ

## Aðalfundur MS-félags Íslands



Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 9. maí

kl. 17:00 í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.

Húsið opnar kl. 16:30.

## Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Vinsamlegast athugið að framboð til stjórnan og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund og jafnframt að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins [www.msfelag.is](http://www.msfelag.is)

Veitingar í boði félagsins. Hvetjum félagsmenn að mæta!

Virðingarfyllst,

Stjórn MS-félags Íslands





Way of Life!

# SWIFT, VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.



Suzuki Swift hefur frábæra aksturseiginlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fánlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

**2.390.000**

*Það er alltaf Suzuki veður!*



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



# Vilja aðra atkvæðagreiðslu um sjálfstætt Skotland

**SKOTLAND** Skotar munu undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði frá Bretlandi fyrir maí 2021 hvort sem stjórnvöld í Lundúnum gefa leyfi fyrir slíku eður ei. Þetta sagði Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar, á skoska þinginu í gær.

„Valið á milli útgöngu úr Evrópusambandinu og sjálfstæðs Skotlands í Evrópusamstarfi ætti

að vera lagt í dóm þessa þings á yfirstandandi kjörtímabili,“ sagði ráðherrann í ræðu sinni. Hún bætti því við að áætlað væri að frumvarp þess efnis yrði skrifað fyrir árslok og að á þessu stigi væri ekki þörf á samþykki stjórnvalda í Lundúnum. Það yrði hins vegar nauðsynlegt síðar.

Skotar fengu að halda atkvæðagreiðslu um sjálfstæði árið 2014

eftir rúmlega 300 ára sambúð með öðrum þjóðum Bretlands. Svo fór að 44,7 prósent Skota sögðu já við sjálfstæði en 55,3 prósent nei. En þótt enginn meirihluti hafi verið fyrir sjálfstæði þá, og ekki heldur nú samkvæmt könnunum, vilja Skotar ólmir vera í Evrópusambandinu.

51,89 prósent Breta samþykktu sumarið 2016 að ganga út úr

**Valið á milli útgöngu úr Evrópusambandinu og sjálfstæðs Skotlands ætti að vera lagt í dóm þessa þings á yfirstandandi kjörtímabili.**

Nicola Sturgeon



ESB. 48,11 prósent lögðust gegn útgöngu. Myndin var hins vegar öðruvísi á Skotlandi. Alls greiddu 38 prósent Skota atkvæði með útgöngu en 62 prósent gegn.

Sturgeon sagði í ræðu sinni að valið stæði nú á milli þess að þokast út á jaðar alþjóðastjórnsmála með Bretum eða standa vörð um stöðu Skotlands sem Evrópuþjóðar með því að lýsa yfir sjálfstæði. – þea

# Forsetar Úkraínu foxillir út í Pútín

Vladímír Pútín auðveldar Úkraínumönnum á svæði uppreisnarmanna í Donbass að fá rússnesk vegabréf. Verðandi og fráfarandi forsetar Úkraínu gagnrýna ákvörðunina harðlega og krefjast frekari þvingana. Erfitt verkefni bíður hins reynslulausa verðandi forseta.

**ÚKRAÍNA** Hveitibrauðsdagar Volodímjrs Selenskij eftir að hann bar sigur úr býtum í forsetakosningunum í Úkraínu á sunnudag voru ekki margir.

Vladímír Pútín Rússaforseti undirritaði í gær tilskipun um að einfalda skyldi íbúum þess svæðis í Austur-Úkraínu sem aðskilnaðarsinnar halda í Donbass að öðlast rússneskt vegabréf. Rússar hafa ítrekað verið sagðir aðstoða aðskilnaðarsinnana. Fram á það hafa rannsóknir Reuters til að mynda sýnt. Þá hafa myndir í gegnum tíðina birst á samfélagsmiðlum þar sem rússneskir hermenn virðast staddir í Úkraínu.

Pútín sagði tilskipun sína ekki undirritaða með það í huga að valda verðandi leiðtoga Úkraínu vandræðum. „Frekar til þess að leysa úr þeim vanda að fólk í Donetsk og Lúhansk fær ekki að njóta mannréttinda sinna.“

Petro Porosjenko, fráfarandi forseti, og Selenskij fordæmdu báðir ákvörðun rússneskra stjórnvalda. Porosjenko sagði að með þessu væri brotið gegn alþjóðalögum. „Rússar eru að skemma fyrir friðarumleitunum í Donbass,“ sagði Porosjenko.

Forsetinn fráfarandi bætti því við að Rússar væru að reyna að réttlæta veru rússneska hersins í Austur-Úkraínu. Hann fór einnig fram á að viðskiptaþvinganir gegn Rússum yrðu hertar vegna málsins.

Selenskij, sem er algjör nýgræðingur á sviði stjórnsmála fyrir utan að hafa leikið forseta Úkraínu í



Rússlandsforseti sagðist ekki ætla sér að klekkja á Selenskij. NORDICPHOTOS/AFP

gamanþáttum, tók í sama streng. „Við treystum á aukinn pólitískan þrýsting og þvinganir gegn Rússlandi. Rússland hefur með þessu viðurkennt að það sé hernámsríki,“ sagði í yfirlýsingu frá verðandi forseta.

Pavlo Klimkin, utanríkisráðherra Úkraínu, sagði á Twitter að

í ákvörðuninni fælist árasargirni gegn Úkraínu og afskipti af innarríkismálum. Hann hvatti því Úkraínunum á svæðinu til þess að sækja ekki um rússneskt vegabréf.

Samband Rússlands og Úkraínu hefur verið með versta móti allt frá því Viktor Janúkovitsj, forseti Úkraínu, hrökkladist frá völdum árið

2014 eftir stíf mótmeili. Janúkovitsj naut stuðnings rússneskra stjórnvalda.

Í kjölfar mótmeilanna innlimuðu Rússar hinn úkraínska Krímskaga. Átök brutust út í Donbass á milli aðskilnaðarsinna sem vildu náð samband við Rússa og úkraínska herinn. Þessi átök og meint aðstoð

## Þóttust vera Selenskij

Öllu vægara vandamál fyrir Selenskij kom upp í Frakklandi í gær. Rússnesku hrekkjalómarnir Vladímír Kúsnetsov og Alexei Stoljarov, sem kalla sig alla jafna Vovan og Lexus, birtu fimmtán mínútna upptöku á YouTube. Á upptökunni mátti heyrja þá Vovan og Lexus þykjast vera Selenskij og ná þannig beinu sambandi við Emmanuel Macron, forseta Frakklands. Starfsmaður franska forsetaembættisins vildi ekki tjá sig um upptökuna í samtali við Reuters. Sagði að embættið myndi hvorki staðfesta né hafna því að upptakan væri ósvikin. Vovan og Lexus eru engir nýgræðingar þegar kemur að því að hrekkja fræga fólk. Þeir segjast til dæmis hafa hrekkst forseta Tyrklands, Elton John, forsætisráðherra Kósóvó, Boris Johnson og Jean-Claude Juncker.

rússneskra yfirvalda við aðskilnaðarsinna varð til þess að Vesturlönd komu á þvingunum gegn Rússlandi.

Selenskij hefur heitið því að Úkraína muni áfram stóla á samstarf við Vesturlönd. The New York Times metur stöðuna sem svo að hann sé þó ekki jafnmikill vesturlandasinni og fyrirrennarinn. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

**Gleðilegt sumar!**

**Pssst ... það er opið í öllum Krónu verslunum í dag**

**KRONAN**



# KAPPLEIKUR Á HLÍÐARENDA



## VALUR - VÍKINGUR

26. APRÍL 2019 KL. 20:00

**VALSMENN OG COCA-COLA BJÓÐA GOÐSÖGNUM  
ÚR RÖÐUM BEGGJA FÉLAGA Á VIÐUREIGNINA.**

### VALUR:

GEIR SVEINSSON  
JÚLIUS JÓNASSON  
VALDIMAR GRÍMSSON  
JAKOB SIGURÐSSON  
EINAR ÞORÐVARÐARSON  
TORFI MAGNÚSSON  
ÓLAFUR STEFÁNSSON  
JÓN KRISTJÁNSSON  
SIGFÚS SIGURÐSSON  
VALUR VALSSON  
DAGUR SIGURÐSSON  
BJARNI SIGURÐSSON  
SÆVAR JÓNSSON

ÁRNI NJÁLSSON  
SIGGI DAGS  
HENSON  
INGI BJÖRN ALBERTSSON  
GUÐRÚN SÆMUNSDÓTTIR  
RAGNHEIÐUR VÍKINGSÓTTIR  
KRISTÍN ARNÞÓRSÓTTIR  
BRYNDÍS VALSDÓTTIR  
ANTHONY KARL GREGORY  
EINAR PÁLL TÓMASSON  
MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR  
GRÍMUR SÆMUNSEN  
GUÐMUNDUR ÞORBJÖRNSSON

### VÍKINGUR:

HEIMIR KARLSSON  
ATLI EINARSSON  
GUÐMUNDUR STEPHENSEN  
INGA LÁRA ÞÓRISDÓTTIR  
BJARKI SIGURÐSSON  
KRISTÍN GUÐMUNSDÓTTIR  
BIRGIR SIGURÐSSON  
GUÐMUNDUR GUÐMUNSDSSON  
ÞORBERGUR AÐALSTEINSSON  
GUNNAR GUNNARSSON  
ÖRN VIÐAR GRÉTARSSON  
BJÖRN BJARTMARZ  
PÁLL BJÖRGVINSSON

STEINAR BIRGISSON  
BOGDAN KOWALCZYK  
KÁRI ÁRNASON  
HELGI SIGURÐSSON  
KOLBEINN SIGÞÓRSSON  
HJÖRDIS GUÐMUNSDÓTTIR  
HELGA BIRNA BRYNJÓLFSDÓTTIR  
HLYNUR MORTHENS  
BJARNI LÁRUS HALL  
STEINAR BIRGISSON  
HALLA MARÍA HELGADÓTTIR  
REYNIÐR ÞÓR REYNISSON  
SIGURÐUR SIGHVATSSON



STOLTUR STUÐNINGSADILI



# Landið og landsbyggðin kalla!

**F**ramtíð heilbrigðisþjónustu hérlendis er áhugaverð og mikil áskorun, sérstaklega á landsbyggðinni og vandamálin eru fjölbætt. Í lögum um heilbrigðisþjónustu kemur fram eftirfarandi orðrétt í 1. gr.: „Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“ Þetta er falleg sýn og göfug, vandinn er sá að það að búa utan höfuðborgarsvæðisins þýðir að einstaklingar taka ákveðna heilsufarslega áhættu. Hún er ekki ýkja mikil og alls ekki almenn, en þegar þörf er á sérhæftri meðferð eða rannsókn þá eru möguleikarnir bundnir mikið til við Landspítala. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það getur skipt sköpum hvar á landinu bráður vandi kemur upp, svo skilið getur milli feigs og ófeigs. Við getum ekki talað okkur fram hjá því og fleiri þyrlur eða fjarheilbrigðisþjónusta og ný tækni mun ekki breyta því nægjanlega til að sjúklingar séu jafnt settir um allt land alltaf.

Tæknin mun hins vegar hjálpa okkur verulega í grunnþjónustu og líklega er hægt að bæta þjónustu við sjúklinga í héraði til muna með slíkum ráðum. Aukin þjálfun og samráð við sterkari einingar með einhvers konar sameiginlegri húsbóndaábyrgð væri áhugaverð nálgun. Miðlæg símsvörun er þegar til staðar í 1770 á vaktatíma, miðstöð fjarheilbrigðisþjónustu þarf að koma til. Sameiginleg rafræn sjúkraskrá er loksins að fæðast en enn töluvert veikburða þó. Þá þarf að leysa mönnunarvanda landsbyggðarinnar þar sem ekki hafa fengist læknar né annað fagfólk til starfa á sumum stöðum nema í gegnum afleysingar. Það er hins vegar líka mönnunarvandi á höfuðborgarsvæðinu og reyndar í öllum vestrænum löndum. Öldrun, aukning lífsstíllsjúkdóma, dýrari og sérhæfðari meðferðir og eðlileg krafa almennings um aukna þjónustu eru atriði sem ekkert heilbrigðiskerfi hefur fundið lausn á ennþá. Líklega erum við þó í kjörstöðu miðað við marga aðra.

Ég tel að við eigum fagfólk á heimsmælikvarða, þá sérstaklega þegar kemur að ósérhlífni, samstöðu og þeim séríslenska eiginleika að láta hlutina „reddast“ eða ganga upp. Það er nefnilega þess vegna sem heilbrigðiskerfið er jafn gott og raun ber vitni. Við heilbrigðisstarfsmenn sættum okkur ekki við annað en að leggja okkur fram um að ná sem bestum árangri hverju sinni, en það lædist þó óneitanlega sá grunur að manni að verið sé að bregða fæti fyrir okkur á stundum með misgáfulegum ákvörðunum. Þá tekur mannskapurinn bara þátt í ákveðið langan tíma, ef hann sér ekki fram á breytingar þá gefst hann upp og hættir. Það er ekki bara svo að okkur vanti fólk eins og er, við erum í mestu vandræðum með að halda því í heilbrigðisþjónustu. Þá má ekki gleyma að reikna þjóðhagsleg áhrif af góðri heilbrigðisþjónustu og fara að líta á það sem hagnað fremur en endalaus kostnað eins og okkur hættir til að gera og byrja að fjárfesta af alvöru í stað þess að ausa vatninu úr bátinum.



Ekki má gleyma að reikna þjóðhagsleg áhrif af góðri heilbrigðisþjónustu.



Teitur Guðmundsson  
læknir



# Ójafnt skipt eftir því hvar sjúkir eiga heima

Fjárhagsáhyggjur ofan á baráttu við illvíga sjúkdóma geta verið afar erfiðar við að etja, sér í lagi fyrir fólk á landsbyggðinni. Vegna veikinda sinna hefur Linda Sæberg Þorgeirsdóttir þurft flytja til Reykjavíkur á þriggja vikna fresti.

**HEILBRIGÐISMÁL** Það er mun kostnaðarsamara fyrir fólk að greinast með krabbamein ef það býr fjarri höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður sem fer í ferðalög er aðeins að hluta til greiddur af sjúkratryggingum sem veldur því að fjárhagsáhyggjur leggjast ofan á áhyggjur af veikindum.

Linda Sæberg Þorgeirsdóttir greindist með brjóstakrabbamein í desember síðastliðnum og þarf á þriggja vikna fresti að undirgangast erfiða lyfjameðferð en aðeins brot af meðferðinni getur hún tekið í heimabyggð. Linda býr ásamt fjölskyldu sinni á Egilsstöðum.

„Frá því ég greindist erum við búin að leggja um 1.300 þúsund í kostnað vegna krabbameinsins og aðeins hluta þess fáum við endurgreiddan,“ segir Linda. „Ég þarf að taka börnin mín með mér þar sem ég hef ekki stuðningsnet til að taka við þeim því ég þarf að vera frá í fimm daga. Ég fæ aðeins greitt fyrir sjálfa mig og aðstodarmann sem er maðurinn minn. Hins vegar verður hann fyrir miklu tekjutapi í þessum veikindum sem við fáum ekki greitt.“

Inga Rún Sigfúsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi hjá Krabbameinsfélagi Austurlands, segir það vera meira mál að greinast úti á landi. „Já, það er það eins og staðan er í dag en við hjá Krabbameinsfélaginu reynum allt til að standa við bakið á okkar fólki,“ segir Inga Rún. „Hins vegar er það þungt að þurfa að sækja þjónustu til höfuðborgar-

**Frá því ég greindist erum við búin að leggja um 1.300 þúsund í kostnað**

Linda Sæberg  
Þorgeirsdóttir



innar og mikil útgjöld samfara því að vera fjarri heimili sínu.“

Linda Sæberg segir að samtöl við Sjúkratryggingar Íslands og Flugfélag Íslands hafi ekki hjálpað til við að koma til móts við fjölskylduna. „Það að veikjast úti á landi er allt annar pakki en ef við byggjum í námunda við höfuðborgina. Við þurfum að taka fjölskylduna og pakka henni ofan í tösku. Það er ekkert val að fara til Reykjavíkur heldur þarf ég að fara,“ segir Linda.

„Einnig er veruleikinn sá að ég þarf að kaupa einhvers konar fríðindafargjald til að geta haft þann möguleika að afbóka mig og fá kostnaðinn endurgreiddan. Á mánudagsmorgni fer ég í blóðprufu hér á Egilsstöðum og það getur komið upp að ég geti ekki farið í lyfjameðferð. Þá verð ég að geta afbókað mig. Þetta þýðir mun hærri kostnað en ella. Ég er bæði búin að reyna að tala við flugfélagið og Sjúkratryggingar en svo virðist vera sem ekki sé hægt að koma til móts við okkur hvað þetta varðar,“ bætir Linda Sæberg við. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)




## Krabbameinsáætlun

**Svandís Svavarsdóttir** heilbrigðisráðherra ákvað í janúar á þessu ári að heilbrigðisáætlun yrði í gildi til ársins 2030 í samræmi við tillögu um heilbrigðisstefnu. Skýrsla ráðgjafarhóps sem setti saman áætlunina er afar viðamikil og tekur til margra þátta. Fjallað er um faraldsfræði krabbameina, skráningar þeirra, forvarnir og heilsugæslu, rannsóknir og gæðastjórnun, meðferðarþætti og mannafla, endurhæfingu, eftirfylgni og líknammeðferð. Hins vegar er ekki að finna í áætluninni markmið um að koma til móts við aðila sem greinast með krabbamein og búa fjarri höfuðborgarsvæðinu; í sem mestri fjarlægð frá sérhæfðri lyfjameðferð krabbameinslækninga.



## Dapur veruleiki

**Guðlaug B. Guðjónsdóttir**, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir það ólíku saman að jafna að greinast með krabbamein á landsbyggðinni og í höfuðborginni. Veruleikinn sem við búum við sé á þann veg að sérhæfða heilbrigðisþjónusta er aðeins hægt að fá á tiltölulega fáum stöðum hér á landi. „Það liggur í hlutarins eðli að það er meiri pakki þegar fólk þarf að fara af heimilinu og vera í burtu. Bæði er það fjárhagslega erfiðara en líka verður félagslega meira álag á alla. Að einhverju leyti er þetta veruleikinn sem við búum við. Það er þannig að það geta ekki allir fengið krabbameinsmeðferð í heimabyggð vegna fámennis. Hins vegar hefur það aukist að verið er að gefa meðferðir víða um land með öflugum stuðningi frá Landspítala. Það hefur breytt myndinni gagnvart einhverjum en alls ekki gagnvart öllum.“





# Ný íbúðabyggð í Hveragerði



## Vandaðar íbúðir á Edenreit komnar í sölu

Verð frá 28,9 millj. kr.



Edenbyggð er nýtt íbúðahverfi við göturnar Aldinmörk og Edenmörk í Hveragerði. Hverfið er skipulagt með framtíðina í huga — frábæra tengingu við göngustíga og þægilega aðkomu að bílastæðum með hleðslumöguleikum fyrir rafbíla. Miðsvæðis er leiksvæði og sælureitur með litlum gróðurhúsum sem íbúar geta fengið að njóta góðs af.

Alls verða 77 íbúðir í hverfinu en í fyrsta áfanga verða 25 íbúðir afhentar: 63–80 m<sup>2</sup> að stærð; tveggja, þriggja og fjögurra herbergja. Verð frá 28,9 millj. kr. Áætlaður afhendingartími er frá júlí 2019.

Íbúðum verður skilað fullbúnum en án gólfefna. Ítarlegri skilalýsingu ásamt nánari lýsingu á svæðinu má sjá á [edenbyggd.is](http://edenbyggd.is)

**Framkvæmdaaðili:** Suðursalir ehf.  
**Aðalverktaki:** JÁVERK ehf.  
**Hönnun:** T.ark  
**Heildarfjöldi íbúða í Edenbyggð:** 77  
**Fjöldi íbúða í fyrsta áfanga:** 25  
**Áætlaður afhendingartími:** frá júlí 2019  
**Stærð íbúða:** 63–80 m<sup>2</sup> (2ja–4ra herbergja)  
**Verð frá:** 28,9 millj. kr.

### KYNNING Í DAG

Fulltrúar frá Eignamiðlun og Byr verða á staðnum kl. 12–16 í dag og kynna eignirnar.



Byr fasteignasala  
Austurmörk 4  
Hveragerði  
Sími 483 5800



**Elin Káradóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Sími 859 5885  
[elin@byrfasteign.is](mailto:elin@byrfasteign.is)



**Sveinbjörn Halldórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 892 2916  
[sveinbjorn@byrfasteign.is](mailto:sveinbjorn@byrfasteign.is)



Grensásvegi 11 · Reykjavík · Sími 588 9090 · [eignamidlun.is](http://eignamidlun.is)



**Hilmar Þór Hafsteinnsson**  
Löggiltur leigumiðlari,  
löggiltur fasteignasali  
Sími 824 9098, [hilmar@eignamidlun.is](mailto:hilmar@eignamidlun.is)



**Daði Hafþórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 824 9096  
[dadi@eignamidlun.is](mailto:dadi@eignamidlun.is)



## Þjóðarsorg eftir sprengjuárásir

Fyrsta fjöldaútförin fór fram á Sri Lanka á þriðjudag eftir sprengjuárásirnar sem gerðar voru á páska-dag. Tala látinna hefur hækkað jafnt og þétt frá því árásirnar voru gerðar og stóð í 310 í gær. Um 500 til viðbótar særðust í árasunum.

Sex sprengjur sprungu næstum samtímis á hótélum í Colombo og í kirkjum í Negombo, Batticaloa og Kochchikade meðan á messu stóð á páskadag. Um fimm klukkustundum seinna sprakk sjöunda sprengjan nærri dýragarði í Dehiwala og sú áttunda um hálf tíma síðar í Dematagoda.

Útför þrjátíu fórnarlamba fór fram í gær í kirkju heilags Sebastianians í Negombo, einni þeirra kirkna sem ráðist var á.

## ÍSAM stendur við verðhækkanir sínar

Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSAM, segir að ekkert hafi breyst með samþykki nýrra kjarasamninga. Fyrirtækið standi við þær hækkanir sem boðaðar höfðu verið.

„Það hefur ekkert breyst þó að samningarnir hafi verið samþykktir. Þetta var ekki hótun um það að það ætti að fella þá,“ sagði Hermann Stefánsson, forstjóri ÍSAM, í samtali við Fréttablaðið.

ÍSAM er ekki eina fyrirtækið sem hefur boðað hækkanir í kjölfar nýrra kjarasamninga. Ömmubakstur/Gæðabakstur hefur einnig boðað um 6 prósentu hækkanir á sínum vörum. Framkvæmdastjóri sagði um helgina að þrjár þættir



## Vikan

Rúmlega 300 manns létust í sprengjuárásunum á Sri Lanka í liðinni viku. Deilt var um verðhækkanir í tengslum við kjarasamninga og rétt um umhverfissvæna höfn.



hefðu áhrif á hækkanir, það væri hækkanir á verði hveitis, breytt gengi og nýir kjarasamningar.

Formaður VR er sáttur við niðurstöðu atkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninga. Hann segir að harkalega verði brugðist við verði af verðhækkunum ÍSAM og annarra fyrirtækja.

## Vilja umhverfissvæna höfn

Hverfisnefnd Oddeyrar á Akureyri vill láta athuga hvort raunhæft sé á næstu árum að tengja skemmtiferðaskip við landrafmagn. Í fundargerð hverfisnefndar kemur fram að allt að fjögur skip spúi útblæstri yfir hverfið að sumarlagi. Þar að auki er hverfið umlukt þungum umferðargötum, Glerárgötu og Strandgötu. Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kemur til Akureyrar í byrjun maí. Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins er Norwegian Getaway, með rétt um 4.000 farþega og 1.646 manna áhöfn. Áætlaðar skipakomur í sumar eru 208 og má búast við í kringum 160.000 farþegum, eða um 18,5 prósentu fjölgun frá því í fyrra.

## Fyrsta banaslys ársins

Karlmaður lést í bílslysi í Langa-dal á þriðjudagskvöld. Bill hans hafnaði utan vegar og fór margar veltur. Lífgunartilraunir báru ekki árangur og maðurinn var úrskurðaður látinn á vettvangi. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var þýrla Landhelgisgæslunnar send á vettvang en hún lenti á slysstað um klukkan ellefu.



## Ársfundur Íslandsstofu

Mánudaginn, 29. apríl | Norðurljós í Hörpu | kl. 10 - 12

### Ávarp

Þjörgólfur Jóhannsson  
Formaður stjórnar Íslandsstofu

### Ávarp ráðherra

Guðlaugur Þór Þórðarson  
Utánríkisráðherra

### Íslandsstofa - staða og breytingar

Pétur Þ. Óskarsson  
Framkvæmdastjóri Íslandsstofu  
Staða Íslandsstofu og stefnumótun

### „Vegsemd þess og vandi að vera Íslendingur“

Örmálstofa um ímynd Íslands og þátt hennar í markaðsstarfi fyrir útlutning.

### Þátttakendur:

Alda Hlín Karlsdóttir, Skaginn 3X  
Birna Ósk Einarsdóttir, Icelandair  
Bjarney Harðardóttir, 66°Norður  
Halla Helgadóttir, Hönnunarmiðstöð  
Sara Lind Þrúðardóttir, Icelandic

### Fundarstjóri

Edda Hermannsdóttir  
Samskipta- og markaðsstjóri Íslandsbanka

### Fundurinn er öllum opin


Skráning á [islandsstofa.is](http://islandsstofa.is)



ÍSLANDSSTOFA

## Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins



Glæsileg íbúð að Sunnasmára 24-28 í Kópavogi, 12 íbúðir eftir en í næstu viku fara á sölu Sunnasmári 16-18 sem eru svipaðar íbúðir. Hér er um að ræða góða 3ja herbergja íbúð 101 sem er samtals 99,4 fm á 1. hæð. Í eigninni er anddyri og hol með fataskáp. Stórt samliggjandi stofu- og eldhúsrými, úr stofu er útgengt á svalir. Eldhúsið er með góðri innréttingu og vonduðum tækjum, innbyggður isskápur og uppþvottavél fylgja. Svefnherbergin tvö eru með fataskápum. Baðherbergið er fallega innréttað og flisalagt með hita í gólfi, salerni er vegghegt, einhalla sturta með góðu aðgengi og glerskilrími. Þvottahúsið er sér innan íbúðar, fullbúð og flisalagt. Eigninni fylgir staði í bilageymslu sem og geymsla í sameign ásamt hjóla- og vagnageymslu.



# GRILLSUMARIÐ HEFST Í NETTÓ!

Grill mix  
Stjörnugrís

**899** KR/KG  
ÁÐUR: 1.798 KR/KG

**-50%**




**-31%**



Kalkúnasneiðar  
Ísfugl

**1.993** KR/KG  
ÁÐUR: 2.889 KR/KG

**-35%**



Folaldasnitser í raspi  
Kjarnafæði

**1.754** KR/KG  
ÁÐUR: 2.698 KR/KG

**-62%**



Goða hakkabuff  
870 gr

**680** KR/PK  
ÁÐUR: 1.789 KR/PK



Bleikjuflök  
Beinlaus með roði

**2.238** KR/KG  
ÁÐUR: 2.798 KR/KG

**-20%**

## LJÚFFENGAR GRÍSAGRILLSNEIÐAR FYRIR SUMARDAGINN FYRSTA!



Grísagrillsneiðar  
Kjötsel

**1.189** KR/KG  
ÁÐUR: 1.698 KR/KG

**-30%**

## HENTU Í TACO! SANTA MARIA TACO LÍNAN Á 20% AFSLÆTTI!



**-20%**

## 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM EPLUM Í NETTÓ!



**-30%**

VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 25.-28. apríl

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó**

Lægra verð - léttari innkaup





## Ósvífnir



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

**A**lmenningur í landinu hefur sannarlega búið ansi lengi við það að launahækkunar renni beint út í verðlagið og verði að engu. Forsvarsmenn fyrirtækja sem kokkraustir hafa undanfarið tilkynnt um verðhækkunar á vörum sínum virðast sannfærðir um að þeir komist upp með þær. Sennilega hafa þeir í huga að svona hafi þetta nú lengi verið og þannig skuli það áfram vera. Kjarasamningar sem miða að því að bæta kjör þeirra sem lægstu launin hafa skulu gerðir að engu. Ósvífnir er algjör.

Það er einkennilegt að þeir forsvarsmenn fyrirtækja sem vilja skella sér í hækkunar á vörum sínum virðast alls ekki hafa neytendur í huga. Það er eins og þeir líti á neytendur sem viljalausa einstaklinga sem láti bjóða sér allt. Sannarlega er ekki hægt að ætlast til að allir forsvarsmenn fyrirtækja starfi eins og hinn knái framkvæmdastjóri IKEA, Þórarinn Ævarsson, sem hefur talað máli neytenda svo hraustlega að þeim forstjórum sem hafa græðgishugsun að leiðarljósi þykir nóg um, meðan almenningur í landinu tekur erindi hans fagnandi. IKEA nýtur velvilja meðal almennings og það er ekki síst Þóarinn að þakka.

Það á ekki að vera sjálfsagt mál að sprengja upp verð til þess eins að græða sem mest. Fyrirtæki sem það gera fá ekki á sig gott orð, þótt þar á bæjum hagi menn sér eins og þeir telji sig geta komist upp með hvað sem er.

Neytendavitund er blessunarlega að aukast meðal þjóðarinnar. Þar hefur fólk eins og Þóarinn Ævarsson lagt sitt af mörkum. Ef fyrirtæki vilja að fólk nýti sér þjónustu þeirra verða þau að ávinna sér traust. Sum fyrirtæki kæra sig greinilega lítt um það en viðhorfið kann að breytast fari almenningur að sniðganga vörur þeirra. Drífa Snædal, forseti ASÍ, hefur ekki útilokað að hvatt verði til þess. Það þarf þó ekki slíka forystu til, almenningur er fullkomlega fær um að taka málin í eigin hendur og beina viðskiptum frá fyrirtækjum sem láta sér á sama standa um hag neytenda.

Fyrirtæki eiga að sýna þjónustulund. Viðhorfið til neytenda á að einkennast af velvilja í þeirra garð. Hugsunin á ekki að vera: Hversu mikið getum við nú komist upp með að okra á viðskiptavinum? Vitaskuld verða forsvarsmenn fyrirtækja að huga að hagnaði en það er ekki eins og eina ráðið til að ná honum sé að okra sem mest. Ef fyrirtæki vilja ná viðskiptavinum á sitt band verða þau að sýna að þeim sé umhugað um viðskiptavininn. Þar er auðurinn. Hótanir um verðhækkunar vegna skynsamlegra kjarasamninga lýsa nákvæmlega engri umhyggju. Þetta eru kjarasamningar sem byggja á því að hafa hemil á verðbólgu-draugnum og eiga að stuðla að því að kaupmáttur aukist. Það er mikilvægt að um þessa kjarasamninga ríki sátt. En þá hefst vein frá forsvarsmönnum fyrirtækja sem telja launahækkunar of miklar. Svo má velta því fyrir sér hvort stórfyrirtæki sem treysta sér ekki til að borga starfsmönnum mannsæmandi laun eigi ekki bara að loka. Sómakennd einkennir allavega ekki rekstur þeirra.



Viðhorfið kann að breytast fari almenningur að sniðganga vörur þeirra.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Væntingar í Skagafirði

Kjarasamningar hafa verið samþykktir með miklum meirihluta atkvæða. Hjá SA var nánast um sovéska kosningu að ræða og um 85 prósent allra launamanna sem tóku þátt sögðu já. Stéttarfélagið Aldan í Skagafirði sker sig þó úr en þar var samningur samþykktur með eins atkvæðis mun. Kannski er þetta vísbending um að væntingar fólks innan Skagafirskra efnahagssvæðisins séu meiri en annars staðar á landinu. Eða hvort launafólk í þessu höfuðvígi Framsóknarflokksins hefði viljað sjá uppsagnarákvæði ef svo illa færi að Alþingi samþykkti þriðja orkupakkann eða innflutning á fersku kjöti.

## Öll atkvæði telja

Þátttaka í atkvæðagreiðslum verkalyðsfélaganna um samningana var frekar dræm. Slíkt er svo sem engin nýlunda en miðað við hvernig sumir verkalyðsforingjar hafa talað, ættu miklu fleiri að hafa skoðun á samningunum. Því er gjarnan haldið fram af þeim sem heima sitja að þeirra atkvæði skipti hvort sem er ekki máli þegar upp er staðið. Þetta átti þó alls ekki við hjá Öldunni þar sem 29 sögðu já en 28 nei. Einn félagsmaður skilaði auðu. Hafi hann fengið bakþanka varðandi ráðstöfun atkvæðis síns er hægt að róa hann. Samningarnir hefðu verið samþykktir ef atkvæði hefðu fallið jafnt.

sighvatur@frettabladid.is

## Dagur umhverfisins



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

**G**leðilegt sumar! Dag umhverfisins ber að þessu sinni upp á sumardaginn fyrsta. Þannig rennur saman fögnuður yfir björtum sumarkvöldum og umhverfismálum sem varða framtíð okkar allra. Þennan dag árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson en hann var fyrstur Íslendinga til að nema náttúruvísindi og orðaði meðal annars þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

## Loftslagsmál og náttúruvernd

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið hörðum höndum að aðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Meðal annars hefur verið unnið að mikilvægum breytingum á loftslagslögum og nýlega var Loftslagsstefna Stjórnarráðsins kynnt en hún mun hafa margfeldisáhrif út í samfélagið. Fleiri verkefni verða kynnt í vor.

Sérstakt átak um friðlýsingar er í fullum gangi en eitt af mínum fyrstu verkum sem ráðherra var að koma á fót teymi milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar sem vinnur nú að því að friðlýsa svæði sem eru í verndarflokkki rammaáætlunar, svæði á eldri náttúruverndaráætlunum og svæði sem eru undir álagi ferðamanna. Á sama tíma vinnur þverpólitísk nefnd með fulltrúum allra flokka að undirbúningi að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, í samræmi við stjórnarsáttmálann.



Við í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu óskum landsmönnum öllum innilega til hamingju með daginn.

Einnig er unnið jafnt og þétt að mikilli uppbyggingu innviða til verndar náttúru landsins og menningarsögu- legum minjum vítt og breitt um landið. Nýlega var kynnt um úthlutun úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verkefna á yfir 100 stöðum um allt land og þau tímamót hafa orðið að stóraukin áhersla er lögð á landvörslu. Margt annað gleðilegt má nefna á Degi umhverfisins: Ríkisstjórnin hefur samþykkt að Ísland fullgildi Landslagssamning Evrópu; barátta gegn plastmengun, neyslu og sóun hefur verið tekin föstum tókum; og ný heildarlög um skipulag haf- og strandsvæða, landgræðslu og skógrækt munu marka vatnaskil.

Það er einstakt að finna þann mikla áhuga sem er á umhverfismálum í samfélaginu. Við í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu óskum landsmönnum öllum innilega til hamingju með daginn.

Í dag er gott að grilla

– og á morgun og hinn og hinn...

- Ekkert hveiti
- Ekkert soyja
- Enginn sykur
- Ekkert MSG

Íslenskt kjöt  
Íslensk framleiðsla

**Pylsumeistarinn**

– við Laugalæk



# Atli Heimir Sveinsson

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Það var um 1960 að ungur tónsmíðanemi í Köln fékk símskeyti frá Íslandi þar sem hann var beðinn að fara á járnbrautarstöðina í Hamborg til að taka á móti mikilvægum gesti frá Berlín og fylgja honum á Hotel Vier Jahreszeiten, finasta hótél Hamborgar þá sem nú. Og þá sem nú var jafnlangt frá Köln til Hamborgar eins og frá Akureyri til Reykjavíkur. Gesturinn var Jón Leifs tónskáld. Neminn var Atli Heimir Sveinsson. Atli kom á stöðina á tilskildum tíma, lestin kom frá Berlín, en Jón Leifs var hvergi að sjá. Atli beið næstu lestar frá Berlín og ekki birtist Jón. Enn beið Atli unz hann sá að eitthvað hlaut að hafa farið úrskaiðis svo hann fór á hótelið. Þar var Jón. Hann hafði tekið sér leigubíl frá Berlín, tæplega 300 km leið.

Atli Heimir leit upp til Jóns Leifs. Ef við tókum upp nýjan þjóðsöng, sagði Atli, þá á hann að vera lag Jóns Leifs við „Rís þú, unga Íslands merki“ eftir Einar Benediktsson. Tónverk Jóns Leifs náðu ekki mikilli hylli meðan Jón lifði, hún kom síðar. Jón vissi sem var að tónlist hans þyrfti tíma og lét það ekki á sig fá. Eftir hans dag voru verk hans flutt æ oftar og víðar og seljast nú á diskum eins og heitar lummur heima og erlendis.

## Kvæði skáldanna

Atli Heimir naut þess umfram Jón Leifs að lögin hans mörg sungu sig inn í hjarta þjóðarinnar, lög sem næstum allir kunna. Það kom sér vel á leikhúsfélagi Íslendinga um Þýskalund fyrir mörgum árum þegar listafólkið fremst í rúttunni tók eftir því að Atli sat einn aftarlega í bílnum hnugginn að sjá. Eitthvað virtist angra hann. Einn farþeginn bað þá litla stúlku að fara til Atla og syngja fyrir hann. Barnið fór aftur í og söng fyrir hann „Kvæðið um fuglana“ (Snert hörpu mína, himinborna dís), lag Atla við kvæði Davíðs Stefánssonar, öll erindin. Atli tók gleði sína. Atli var jafnan glaður og reifur, afburðaskemmtilegur félagi, frjálsslyndur, fróður og víðsýnn og sjór af sögum.

Sönglög Atla Heimis eru fágætur fjársjóður og fjölbreyttur. Lögin hans 27 við kvæði Jónasar Hallgrímssonar hafa verið hljóðrituð tvisvar, 1997 og 2007, og eru einnig til á prenti. Atli sagðist vilja „hafa lögin alþýðleg, einföld og rómantísk; einhvers staðar á milli Schuberts og Sigvalda Kaldalóns.“ Atli tónsetti kvæði mikils fjölda innlendra og erlendra skálda, þ.m.t. Einar Benediktsson og Pablo Neruda sem ekki mörg önnur tónskáld hafa glímt við. Atli skildi að kvæði skáldanna geta lifað lengur séu þau sungin.

## Tónskáld í stóru broti

Stundum er sagt um Edvard Grieg, helzta tónskáld Norðmanna, að hann geti varla talizt hafa verið stórbrotið tónskáld. Það þykir mér undarleg skoðun á tónskáldi sem samdi einn finasta píanókonert heimsins við hlið smærri píanóverka og sönglaga sem eru mest fyrirferðar á verkaskrá Griegs.

Atli Heimir Sveinsson var jafnvígur á stórvirki og smærri verk. Hann var stórbrotið tónskáld, einn með öllu. Auk sönglaga hans, þ.m.t. kórverk og leikhústónlist, liggja eftir hann sex sinfóniur,

fimm óperur, fjölmargir konsertar og verk fyrir smærri hljóðfærahópa ýmist í framsæknum eða gömlum stíl eftir atvikum. Verk hans eru til á 45 diskum.

Atli gerði sér stundum leik að því að bregða sér í líki annarra tónskálda. Hvernig skyldi Wagner hafa haft þetta lag eftir Kaldalóns? gat Atli átt til að spyrja, settist við hljóðfærið og leyfði vinum sínum að heyra. Allir skellihlógu.

## Langhlaup út yfir líf og gróf

Sum stórvirkja Atla Heimis hafa náð útbreiðslu um heiminn, önnur biða, einkum sinfóniurnar sex. Þær þyrfti að flytja á ný og gefa út. Heildarútgáfa þeirra myndi auka hróður Íslands.

Atli sendi mér fyrir mörgum árum einkahljóðritun af flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á 2. sinfóníu hans, frábært verk sem tekur heila klukkustund

í flutningi. Nokkru síðar kom gamall kennari minn og kollegi frá Princeton-háskóla í heimsókn til Reykjavíkur, sérfróður um evrópska nútímatónlist. Hann þekkti verk Jóns Leifs og bað mig að benda sér á yngri tónskáld íslenzk. Ég fékk leyfi Atla til að senda manninum hljóðritið af 2. sinfóníunni. Nokkrum vikum síðar fékk ég svohljóðandi skeyti frá Princeton: Sveinsson er betri

en Leifs. Ég framsendi skeytið til Atla. Hann fór hjá sér eins og feiminn unglingur. Hann hampaði ekki sjálfum sér. Honum var ekki sýnt um að koma verkum sínum á framfæri. Atli vissi eins og Jón Leifs á undan honum að framsækna tónsmíðar eru langhlaup út yfir líf og gróf.

Nú er rödd hans þögnuð, en tónlist Atla Heimis Sveinssonar mun lifa lengi á Íslandi og úti um heim.

## Komdu með okkur til ITALÍU EÐA KRÓATÍU

### 13. júní í 11 nætur

#### FRÁBÆRIR FLUGTÍMAR

**BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Flug báðar leiðir frá kr. 69.900,- m/tösku og handfarangri.

### KRÓATÍA

**BARNALEIKSVÆÐI**

**Laguna Bellevue Apartments \*\*\***

**FRÁ KR. 119.950**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
169.095 m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

**Innifalið:** Flug, Gisting, Ekkert fæði innifalið

**SUNDLAUG**

**FJÖLSKYLDUVÆNT**

**BARNLAUG**

**100-400M Á STRÖNDINA**

### ITALÍA

**VEIÞINGASTAÐUR**

**Villaggio Planetarium Resort \*\*\***

**FRÁ KR. 145.795**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
166.995 m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

**Innifalið:** Flug, Gisting, Hálf fæði

**SUNDLAUG**

**FJÖLSKYLDUVÆNT**

**BARNLAUG**

**1,3KM Á STRÖNDINA**

### ITALÍA

**BARNALEIKSVÆÐI**

**Villaggio Marco Polo \*\*\***

**FRÁ KR. 140.845**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
149.695 m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

**Innifalið:** Flug, Gisting, Morgunverður

**BARNAKLÚBBUR**

**FJÖLSKYLDUVÆNT**

**BARNLAUG**

**650M Á STRÖNDINA**

### ITALÍA

**SUNDLAUG**

**Hotel Florida \*\*\*\***

**FRÁ KR. 165.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
181.895 m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

**Innifalið:** Flug, Gisting, Morgunverður

**BARNAKLÚBBUR**

**FJÖLSKYLDUVÆNT**

**FRÁBÆR STAÐSETNING**

**VIÐ STRÖNDINA**



# Vegvísar og heilög vé



Ómar  
Ragnarsson

Á vegferð fólks og þjóða birtast oft vegvísar í forni orða eða gjörða. „Vestmannaeyjar skulu rísa,“ sagði Ólafur Jóhannesson í sjónvarpsþætti í byrjun gossins í Heimaey, og þau orð urðu vegvísar fyrir þjóðina. „Tími stórra vatnsaflsvirkjana er liðinn,“ sagði forsætisráðherra Norðmanna 2002 þótt hægt væri þá með risavirkjunum á hálendi Noregs að virkja næstum eins mikið afl og samsvaraði öllu vatnsaflí Íslands. Orð Bondevikstanda.

Hér á landi má sjá vegvísa fyrir vegferð okkar í orkumálum, sem hafa birst á síðustu fimm árum og vísa allir í sömu átt og þekktur erlendur blaðamaður með umhverfismál sem sérgrein orðaði við mig í forspá í Íslandsheimsókn um síðustu aldamót. Hann sagði við mig: „Eftir viðtöl mín við helstu áhrifamenn Íslands er niðurstaða mín sú að þið Íslendingar hafið ekki linna látum fyrir en þið hafið virkjað allt vatnsafl og jarðvarmaafll landsins, hvern einasta læk og hvern einasta hver.“ Ég hrökk við, en vegvísarnir, sem birst hafa síðan, vísa of margir í sömu átt og þessi forspá til þess að hægt sé að yppta öxlum. Nefna má tíu vegvísa á síðustu fimm árum sem dæmi:

1. Handsal forsætisráðherra Íslands og Bretlands varðandi sæstreng á milli landanna.
2. Stofnun félags um framkvæmdina.
3. Forstjóri Landsvirkjunar segir á landsfundi LV: „Það er ekki spurning um hvort, heldur hvernær sæstrengur verður lagður.



4. Birt orkustefna þess efnis að tvöfalda skuli orkuframleiðslu landsins þannig að árið 2025 framleiði Íslendingar tíu sinnum meiri raforku en við þurfum sjálfir fyrir íslensk fyrirtæki og heimili.
5. Landsnet sækir fast að nýrva landið niður í risaháspennulínur, meðal annars í tveimur „mannvirkjabeltum“ yfir miðhálandið.
6. Virkjanir í rammaáætlun nálgast hundrað. Fyrir eru þegar um þrjátíu reistar virkjanir.
7. Orkumálastjóri upplýsir í sjónvarpsþætti að til viðbótar við rammaáætlun liggja fyrir umsóknir um rannsóknarleyfi fyrir 100 nýjum vatnsaflsvirkjunum, minna en 10 megavött

hver. 10x100 eru alls 1.000 megavött, þriðjungi meira en afl Kárahnjúkavirkjunar. Út úr einfaldri samlagningu á öllum núverandi virkjanakostum í vatnsafl og gufafl kemur talan 230.

8. Birtar eru áætlanir um risavaxna vindmyllugarða sem geti orðið af svipaðri stærð hver og stórvirkjun í vatnsafl. Allt landið er undir, frá hálendinu til strandlengjunnar.
9. Friðrik Árni Friðriksson Hirst upplýsir í viðtali á mbl.is að í núverandi tillögu um löggildingu Orkupakka 3 felist „stjórnskipuleg óvissa“ varðandi þá fyrirvara sem gerðir eru. Efsamvinnunefnd EES tæki þessa fyrirvara upp í

bókun yrði óvissunni frekar eytt. Þetta leiðir hugann að sæstrengsmálinu.

10. Árum saman hefur verið hamrað á „afhendingaröryggi“ varðandi raflínur. Nágrannaþjóðir okkar hafa fleiri en einn streng. Sæstrengur til Íslands kostar hátt í þúsund milljarða. Tveir strengir kalla á miklu fleiri virkjanir en einn strengur.

Á þessari öld hefur skapast alþjóðleg viðurkenning á algerri sérstöðu ósnortinnar íslenskrar náttúru á hinum eldvirka hluta Íslands. Hún er slík, að jafnvel frægasti þjóðgarður heims, Yellowstone, kemst ekki á blað í riti um helstu undur veraldar, þar sem Ísland trón-



Á þessari öld hefur skapast alþjóðleg viðurkenning á algerri sérstöðu ósnortinnar íslenskrar náttúru á hinum eldvirka hluta Íslands. Hún er slík, að jafnvel frægasti þjóðgarður heims, Yellowstone, kemst ekki á blað í riti um helstu undur veraldar, þar sem Ísland trónir á toppnum.

ir á toppnum. Samt er það yfirlýst stefna Bandaríkjamanna að Yellowstone sé „heilög jörð“, heilög vé. Sú jörð verði aldrei snert þótt þar sé að finna langstærsta orkubúnt vatnsafls og jarðvarma í Bandaríkjunum. En fyrir um 40 árum orti Flosi Ólafsson þessa forspá í hálfkæringi um hin heilögu íslensku vé: „Seljum fossa og fjöll. / Föl er náttúran öll. / Og landið mitt taki tröll.“ Líkt og hann sái fyrir, að við myndum aðstoða Kanana við að varðveita hin helgu vé Ameríku með því að fórna véum Íslands.

Lokaorð þessarar greinar eru úr ljóðinu „Kóróna landsins“.

„Í Gjástykki aðskiljast álfurnar tvær. / Við Heklu'er sem himinninn bláni. / Í Kverkfjöllum glóðvolg á íshellinn þvær. / Í Öskju er jarðneskur máni. / Ísland er dýrgripur alls mannkynsins, / sem okkur er fenginn að láni. / Við eigum að vernda og elska það land / svo enginn það niði né smáni.“

## Ásælni Klíníkur í opinbert fé



Margrét S.  
Björnsdóttir  
félagi í Samfyllkingunni

Þrjú einkarekin heilbrigðisþjónustufyrirtæki voru meðal 20 arðsömustu fyrirtækja landsins skv. lista Lánstrausts, árið 2016 (Stundin 9. mars 2016), en þjónusta þeirra var að mestu greidd af ríkinu. Þá færast í vöxt hér á landi að fagfjórðing fjárfesti í heilbrigðisþjónustu. Áður voru þetta fyrst og fremst lækna, sjúkrahúsfarar, aðrar heilbrigðisstettir sem einkaráku eigin þjónustu og margs konar félagsamtök, sem ráku heilbrigðisþjónustu án hagnaðarsjónarmiða.

Heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir er þessar vikurnar í erfiðri vörn fyrir það sem hún og hennar sérfræðingar meta almannahagsmunum, gegn ásækni Klíníkurinnar í (að þessu sinni) liðskiptaaðgerðir, sem Svandís og hennar ráðgjafar telja betur komið hjá opinberu sjúkrahúsunum LSH, sjúkrahúsinu á Akureyri SAK og sjúkrahúsinu á Akranesi HVE. Til ráðstöfunar sé takmarkað fé og það þjóni ekki almannahagsmunum til lengri tíma að dreifa því á fleiri stofnanir. Rökin eru væntanlega þau að með því sé hægt að nýta betur fjárfestingar, þjálf starfsfólk



og nemendur, manna sólarhringsvaktir og ekki síst geta allan sólarhringinn tekið við flóknari bæklunaraðgerðum m.a. vegna slysa, og endurkomusjúklinga ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna sé mikilvægt að styrkja aðstöðu og mannskap þessara þriggja lykilsjúkrahúsa á landinu, opinberra stofnana sem lúta forræði og forgangsröðun þeirra sem stýra opinberu fé til heilbrigðismála og hafa verið kjörnir til þess af okkur, almenningi í landinu. Við kusum ekki Klíníkina til þess að móta stefnu okkar í heilbrigðismálum, en við fyrrgreinda stefnumörkun heilbrigðisfyrvalda vill Klíníkin ekki sætta sig og beitra

fyrir sig gamalkunnum aðferðum í hagsmunabaráttu á þessu sviði – sjúklingum.

Ofangreint breytir því ekki að of lítið fé hefur farið til nefndra sjúkrahúsa og ekki tekið tillit til margs konar breyttra aðstæðna sem þrengja að þeirra fjárhag, þannig að biðlistar hafa lengst úr hófi. Það er verkefni Svandísar og VG í ríkisstjórninni að bæta úr, en allir flokkar lofuðu að stórauka framlög til heilbrigðismála fyrir síðustu kosningar. Ísland hefur undirgengist þá skyldu skv. Evróputilskipun að bið eftir aðgerðum fari ekki yfir tiltekin tímamörk, þá geti sjúklingar farið



Við kusum ekki Klíníkina til að móta stefnu okkar í heilbrigðismálum.

til útlanda í sömu aðgerð á kostnað ríkisins. Við það verður ekki ráðið nema með því að stytta biðtímann. Mér finnst raunar sérkennilegt að hægt sé að fara fram hjá fjárlögum með því að fara með aðgerðir og kostnaðinn til útlanda. Klíníkin sem milligönguáðili í þeim leiðangri nýtir það grímulaust í sínum áróðri.

Viðhorf Íslendinga og hagkvæmni í rekstri: Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar prófessors á viðhorfum Íslendinga til rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu hafa ítrekað sýnt, að mjög mikill meiri hluti Íslendinga vill að heilbrigðisþjónusta sé veitt á opinberum stofnunum og fjármögnuð úr opinberum sjóðum. Þrátt fyrir það hefur

opinbert fé til heilbrigðisþjónustu um árabíl runnið í vaxandi mæli til einkareksturs meðan opinber rekstur hefur mátt búa við óbreytta stöðu eða jafnvel niðurskurð. Einbeitt ásókn samtaka lækna í opinbert fé hefur skilað þessu í bland við stefnuleysi stjórnvalda hvers tíma og skort á upplýstri opinberri umræðu.

Erlendar samanburðarrannsóknir sýna að þegar á heildina er lítið er opinber rekstur í heilbrigðisþjónustu að jafnaði nokkur hagkvæmari en einkarekstur (sjá td. The relative efficiency of public and private service delivery, J. Hsu, World Health Report 2010). Þessi samanburður er þó ekki einfaldur en almennt er talið gilda að í opinberum rekstri sé viðskiptakostnaður lægri s.s. við samningagerð, eftirlit, tryggingar og að engar arðsemikröfur eru gerðar. Enn fremur eru líkur minni á oflækningum, þegar fjárhagslegir hvatar eru ekki fyrir hendi við ákvarðanir, heldur einungis hagsmunir sjúklingsins. Engilbert Guðmundsson hagfræðingur ritaði um þennan samanburð afgangsgreina út frá hagfræðilegum sjónarmiðum í Kjarnann þann 8. mars 2016 Hagræði og einkarekstur heilbrigðisþjónustu.

Miklu varðar því að allir sem vilja standa vörð um hið opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi styðji Svandís Svavarsdóttur í hennar baráttu. Ofureflið er töluvert og fjölmíðlar purkunarlaust misnotaðir í þágu einkaáðilanna.



# Miklu meira en bara ódýrt



frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA  
12V 30L

frá 1.999



Álskóflur

Sonax hreinsivörur  
á frábæru verði



4.895

Viðgerðarbretti



Öflugur  
háprýstidælur  
165Bör  
1800W

19.999



Háprýstidæla  
1650W

9.999




Hjólattjakkur  
2T m/tösku

3.795



6T Búkkar  
605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali,  
1.5M/3M/5M 3/  
4/5/6/8 tengla



Ruslapokar  
10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

3.995



Frábært úrval af  
dragböndum/  
ströppum



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslatínur



Skóflur

frá 995



Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur  
á hjólum

79.995

Verkfæraskápur  
á hjólum m/verkfærum

Mikió úrval af  
verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í  
miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi  
angle

6.985



14.995

1/2+1/4  
Toppasett Kraft-  
mann 94stk



5.995

Verkfærasett  
108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion  
18V hleðslubor-  
vél 13mm



Fjölsög  
Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur  
í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC  
1200W



19.995

Súluborvél 350W  
(m/skrúfstykki)



16.995

Metabo  
KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC  
SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



# 3. orkupakki ESB, kvótinn og umræðan



**Grétar Mar Jónsson**  
fyrirverandi  
alþingismaður  
og leiðtogi  
Frjálslynda  
flokksins

Frjálslyndi flokkurinn mótmælir ákvörðun stjórnvalda um að lögleiða 3. orkupakkann og að Ísland verði hluti af innri raforkumarkaði ESB. Ísland, eyja í Norðurhófum, er ekki tengd eða hluti af innra raforkumarkaði meginlands Evrópu.

Kolefnalaus raforka mun skipta sköpum fyrir velmegun á Íslandi í framtíðinni. Með innleiðingu

3. orkupakkans afsalar Ísland sér ákvörðunarvaldi yfir mestu náttúruauðlind sinni í hendur ESB og Ísland mun ekki hafa ákvörðunarvald um aðgang erlendra aðila að Íslandshluta raforkumarkaðarins. ESB-lög munu ráða, ekki íslensk, og fyrirvarar um annað munu ekki halda gegn ofurvaldi Brusselreglna. Sæstrengur mun lúta ESB-reglum. Stjórnvöld gæta ekki hagsmuna Íslands um helstu auðlind þjóðarinnar og hræðslan við Brusselvaldið og ímyndaðar afleiðingar rekur íslensk stjórnvöld áfram. Stjórnvöld hafa ekki bent Brussel á að líta á sjúkort og hnattstöðu Íslands í málinu en skýla sér á bak við álit fræðimanna við þessa stórpólítisku ákvörðun. Af er sem áður var á tímum þroskastríða.

Innleiðing 3. orkupakkans færir



**Innleiðing 3. orkupakkans færir orkuauðlindir landsins nær erlendum fjárfestum án aðkomu Íslands eða tillits til íslenskra almannahagsmuna.**

orkuauðlindir landsins nær erlendum fjárfestum án aðkomu Íslands eða tillits til íslenskra almannahagsmuna. Með kvótann gerðist þetta í skrefum, nú er það með pökkum 3, 4, 5 og 6. Erlendir aðilar hafa þegar fjárfest í íslenskum orkufyrirtækjum, að ógleymdum uppkaupum á íslensku landi án nokkurrar mótstöðu stjórn-

valda. Fiskveiðiauðlindin var færð örfáum útgerðarmönnum með tilheyrandi hrúni sjávarbyggða í landinu. Í framtíðinni gæti orkuauðlind Íslendinga orðið að stórum hluta í höndum innlendra og erlendra fjárfesta, til hagsbóta fyrir þá en ekki íslenskt samfélag með augljósum afleiðingum fyrir byggð í öllu landinu. Því sem sérhagsmunaöflum tókst með kvótakerfinu ætla núverandi stjórnvöld að leggja grunninn að með 3. orkupakkanum frá ESB.

Kvótakerfið hefur byggt á því að stjórnmalamenn hafa getað skýlt sér á bak við fræðimenn, bæði hvað varðar bókhald og lifríki. Sjávarbyggðir landsins hafa ekki verið hluti af þeirri fræðiformúlu. Kvótaflokkarnir hafa verið dyggilega studdir af einnarskoðunarkerfi sem þeir hafa búið til með Ríkisútvarpið

og dagblöðin tvö fremst í flokki. Vel rökstuddum tillögum um úrbætur er ekki svarað og þær jadarsettar, slík er samfélagsumræðan. Nú síðast tillögur um frjálsar innfjarðaveiðar sem byggja á liffræði fjarðanna. (Sjá FTI. is 26.01.19) Sama er varðandi 3. orkupakkann. Íslenskt fræðimannasamfélag er hluti af embættismannakerfi landsins. Þegar Ísland fær dóma í mannréttindamálum erlendis kalla stjórnmalaleiðtogar eftir hjálp erlendra fræðimanna þegar heimatilbúni einnarskoðunarrétttrúnaðurinn býður hnekki. Verkalýðshreyfingin bjó við slíkan áróður fjölmiðla og innlendra fræðimanna í aðdraganda þeirra kjarasamninga sem nú eru í höfn og hafði sigur engu að síður. Baráttan gegn 3. orkupakknum er sama eðlis enda baráttan fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

## Best fyrir börnin



**Sigríður Ólafsdóttir**  
lektor á  
menntavísindasviði Háskóla Íslands

Vinkona mín í Bandaríkjunum bauð sýrlenskum hjónum með tvö ung börn að búa í kjallaraíbúðinni sinni. Fjölskyldan hafði flúið stríðið í Sírlandi og var búin að fá dvalarleyfi í Bandaríkjunum. Það var mikill sigur fyrir fjölskylduna að hafa komið sér frá angistinni í heimalandinu og þau voru tilbúin að takast á við líf í nýju landi.

En svo tók alvaran við. Maðurinn sem er menntaður tannlæknir og hafði starfað sem slíkur í nokkur ár fær ekki menntun sína metna. Konan hafði verið í lögfræðinámi í Sírlandi og átti aðeins einn áfanga eftir. Engir möguleikar eru fyrir hana að ljúka náminu í Bandaríkjunum.

Hjónin hafa vanist því að setja sér há markmið. Hvert eiga þau nú að beina væntingum sínum þegar staða þeirra virðist svo vonlaus? Óskir þeirra um farsæld í nýju landi munu hugsanlega rætast ef börnin eiga möguleika á að stefna hátt og að láta drauma sína rætast. Lykillinn að því að slíkar vonir rætist er að börnin fái góða menntun.

Fjölskyldan reiðir sig á að í skólastarfinu sé börnunum veittur stuðningur sem þau þarfnast, réttur stuðningur, markviss og árangursríkur. Kennsluhættirnar þurfa að miðast við það sem reynst hefur vel, samkvæmt niðurstöðum rannsóknna, því þá er best tryggt að börnin fái að blómstra í skólastarfinu.

PISA-prófin eru lögð fyrir 15 ára nemendur víða um heim. Þeim er



ætlað að mæla hversu vel þátttökuþjóðir undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í samfélaginu. Þar fást upplýsingar um hvaða þættir hafa reynst börnum af erlendum uppruna best því samhliða prófunum er upplýsinga aflað frá skólafræðingum og nemendum. Það kemur ekki á óvart að nemendur af erlendum uppruna mælast ekki með minni væntingar um að ljúka langskólanámi en innfæddir jafnaldrar þeirra. Það er þó afskaplega

misjafnt hversu vel skólum tekst að koma til móts við óskir þessa nemendahóps í hinum ýmsu löndum.

Árangursríkast reynist að bjóða nemendum af erlendum uppruna eins fljótt og hægt er upp á gæðakennslu í tungumáli skólasamfélagsins og að halda stuðningi áfram eins lengi og þörf er á. Það er einmitt færni í skólamálinu sem liggur til grundvallar og er samofin öllu skólastarfi.

Ótal rannsóknir hafa beinst að

árangursríkum kennsluháttum sem fela í sér gæðamálörvun. Mikið er í húfi, þessi nemendahópur þarf að reida sig á að slíkt sé í boði í skólunum því misjafnt er hversu vel foreldrar eru í stakk búnir til að styðja börnin sín í náminu.

Meðaltöl og hlutfallstölur sýna að nemendur hér á landi, með annað móðurmál en íslensku, ná almennt mjög litlum framförum í íslensku í gegnum leik- og grunnskólastarf, sem bendir til að þeir fái almennt

ekki nægilega góðan stuðning í íslensku.

Ég hef þó orðið vitni að gæðastarfi hjá íslenskum kennurum, sem foreldri, samkennari og rannsakandi, kennsluháttum sem einmitt fela í sér þætti sem rannsóknir hafa sýnt að skila bestum árangri. Við þurfum að gefa gæðakennslu gaum og efla hana enn frekar. Allir nemendur njóta góðs af og sérstaklega þeir sem nota annað mál en íslensku með fjölskyldu sinni.

## Börn notuð sem barefli



**Heimir Hilmarrson**  
formaður  
Félags um foreldrafjárfrétti

Foreldraútilokun er það þegar barni er að ástæðulausu innrættar neikvæðar tilfinningar s.s. ótti, hatr og fyrirleitningu í garð foreldris, oft í tengslum við forræðisdeilur. Barnið sýnir þá mjög

sterka afstöðu með foreldrinu sem beitr útilokuninni en hafnar algerlega sambandi við hitt foreldrið.

Foreldraútilokun er andleg og tilfinningaleg misnotkun á barni sem veldur því langvarandi skaða. Það innrætir því sjálfsfyrirlitningu og eykur líkur á kvíða, þunglyndi, áhættu hegðun, fíknisjúkdómum og vandræðum í nánnum samböndum síðar á lífsleiðinni.

Einnig má flokka foreldraútilokun sem fjölskylduofbeldi því tilgangur ofbeldisins er hefnd gagnvart fyrirverandi maka. Sem slíkt er þetta ofbeldi mjög áhrifa-



**Skömm og þöggun eru bestu vinir þeirra sem beita ofbeldi. Þess vegna er mikilvægt að draga þessi ljótu fjölskylduleyndarmál upp á yfirborðið og ræða þau.**

rikt, því það fer fram í skjóli þagnar og stuðnings samfélagsins. Annars vegar sér fólk ástríkt foreldri í góðu sambandi við barnið sitt og hins vegar foreldri sem barn hefur af einhverri ástæðu slitni öllu sambandi við.

Feður og mæður beita þessu ofbeldi í líkum mæli en mæður eru líklegri til að komast upp með að útiloka börnin sín en feður. Foreldrar sem beita börn sín og fyrirverandi maka þessu ofbeldi eiga oft við persónuleikaröskun að stríða s.s. jadarpersónuleikaröskun, sjálfhverfu eða siðblindu.

Einstaklingar með persónuleikaraskanir af þessu tagi eiga oft mjög erfitt með að sjá eigin sök og eru afar tregir til að taka þátt í fjölskylduraðgjöf. Hætt er við að sátta miðlung og samningar við slíka einstaklinga skili engu.

Skömm og þöggun eru bestu vinir þeirra sem beita ofbeldi. Þess vegna er mikilvægt að draga þessi ljótu fjölskylduleyndarmál upp á yfirborðið og ræða þau.

Á Facebook-síðu og heimasíðu Félags um foreldrafjárfrétti má finna meiri fróðleik um foreldraútilokun.



# PIER



20%

EGER sófi, L160 x D79 x H97 cm ~~69.900 kr.~~ Nú 55.920 kr.



EGER stóll, L65 x D79 x H97 cm ~~29.900 kr.~~ Nú 23.920 kr.

PIER

# 20-50%

## AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM



COLOGNE kollur, D35 x H62/80 cm ~~14.990 kr.~~ Nú 11.992 kr.



BALTIMORE stóll, B78 x H82 cm ~~49.900 kr.~~ Nú 24.950 kr.



DELFT mósaíkbörð, D60 x H71cm ~~9.990 kr.~~ Nú 7.992 kr.



BIZERTE hliðarborð, Sett. ~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.



JAQUARD stóll, 75x86x102cm ~~79.900 kr.~~ Nú 47.940 kr.



KOCOOM sett, borð og stólar ~~49.900 kr.~~ Nú 39.920 kr.



SKREN útiborð úr akasíuvið. L200 x B100 x H77 cm ~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.



SPINDA útistóll, L70 x W66 x H85 cm ~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.

20%  
AF ÖLLUM GARÐ-  
HÚSGÖGNUM!

PIER

[www.pier.is](http://www.pier.is)

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 25. apríl -30. maí. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



**Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019**

1. ?	7. KA
2. ?	8. Fylkir
3. KR	9. Víkingur
4. Breiðablik	10. ÍBV
5. Stjarnan	11. Grindavík
6.ÍA	12. HK

**KR hafnar í 3. sæti**

Fréttablaðið spáir því að KR geri einu betur en í fyrra og nái þriðja sæti. Undirbúningstímabilið gekk eins og í sögu þar sem KR vann öll þrjú mótin og tapaði ekki leik. KR mun fá mörk frá miðjumönnum sínum en til að gera atölu að titlum þurfa Tobias og Ægir Jarl að reima á sig markaskóna og gera útslagið fyrir Vesturbæinga.

**Álitsgjafinn segir Kristján Guðmundsson**

Mikil stígandi hefur verið í leik KR eftir að Rúnar Kristinsson tók við stjórnartaunumum á nýjan leik og gengi liðsins í vetur hefur verið gott. Fólki verður tíðrætt um háan aldur liðsins en ég tel það síður en svo ókost að hafa reynslumikla leikmenn ef blandan er góð í leikmannahópnum. Hópurinn var helst til þunnur í fyrra en KR-ingar gerðu skynsamlega hluti á leikmannamarkaðnum í vetur og bólstruðu þau svæði á vellinum þar sem þess þurfti. KR gæti hæglega endað ofar í töflunni.

**Tölfræði sem skiptir máli**

**18** KR er án taps í síðustu 18 leikjum gegn íslenskum andstæðingum.

**26** KR er sigursælasta lið Íslands-mótsins með 26 titla.

**Nýju andlitin**

Alex Freyr Hilmarsson frá Víkingi. Arnþór Ingi Kristinsson frá Víkingi Tobias Thomsen frá Val Ægir Jarl Jónasson frá Fjölni

**Fylgstu með þessum**

Finnur Tómas Pálmason hefur verið öflugur á undirbúningstímabilinu. Hann lék tólf leiki með Þrótti á síðasta tímabili og fær eflaust einhver tækifæri í sumar.

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2018 4. SÆTI | 2017 4. SÆTI | 2016 3. SÆTI | 2015 3. SÆTI | 2014 3. SÆTI | 2013 1. SÆTI



Sigurliðin tvö, kvennalið KA og karlalið KA, eftir að karlaliðið hafði tryggt sér þriðja og síðasta titil tímabilsins á heimavelli fyrir í vikunni. MYND/KA

# Klökknaði á sigurstundu

KA er handhafi allra sex titlanna í blaki eftir að karla- og kvennaliðin unnu oddaleiki um Íslandsmeistararitilinn í vikunni. Karlaliðið varði titilinn í ár en í fyrsta sinn tókst kvennaliði KA að landa titlinum.

**BLAK** KA náði í vikunni þeim sögulega áfanga að verða sexfaldur meistari í blaki, það er verða deildar, bikar- og Íslandsmeistari bæði í karla- og kvennaflokkum. Bæði liðin léku til úrslita gegn HK en kvennaliðið reiddi á vaðið og varð Íslandsmeistari á mánudagskvöldið og karlaliðið fullkomnaði dæmið eftir spennuþrunginn leik á þriðjudagskvöldið. Bæði einvínin réðust í hreinum úrslitaleik sem báðir fóru fram í KA-heimilinu.

Karlaliðið var að verja titil sinn á meðan kvennaliðið var að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistararitil í sögunni en KA hafði einu sinni orðið deildarmeistari í kvennaflokkum. KA tryggði sér titilinn í sjötta skipti í sögu félagsins karlamégin. Aldrei áður hefur félag verið handhafi allra sex titlanna í blaki á Íslandi á sama tíma og afrekið því einstakt hjá norðanmönnum.

Fréttablaðið fékk Arnar M. Sigurðsson, formann blakdeildar KA, til þess að útskýra ótrúlegan árangur blakdeildarinnar á nýloknu keppnistímabili og þá tilfinningu sem bærðist í brjóstum hans þegar alslemman var í höfn.

**Það var mögnuð stund að vera í KA-heimilinu bæði á mánudag og þriðjudag og ég fékk bara gæsaþúfa að sjá troðfulla höll af glöðu KA-fólki að hampa titlunum.**

Arnar M. Sigurðsson, formaður blakdeildar KA

„Við tókum þá ákvörðun í stjórninni síðasta haust að við ætluðum að gefa í, þá sérstaklega kvennamégin. Við vorum á leið í titilvörn karlamégin og vildum að sjálfsgöðu viðhalda árangrinum og stefnt var á að vinna alla titla sem í boði voru þar þrátt fyrir að við gerðum okkur grein fyrir því að það yrði erfitt. Það er erfiðara að verja titil en að vinna hann eins og margoft hefur sýnt sig en okkur tókst það sem betur fer,“ segir Arnar um þessa ríkulegu uppskeru.

„Það var hins vegar ákveðið

sömuleiðis að bæta umgjörðina verulega hjá kvennaliðinu og spýta í lófana á þeim vettvangi. Við bjuggumst hins vegar ekki við því að vinna alla titla kvennamégin þrátt fyrir að við værum meðvitað um að við værum búin að smíða sterkt lið þar. Þar snerist það um að brjóta blað í sögunni og skapa hefð sem er ekki síður áskorun. Við réðum spænskan þjálfara, Miguel Mateo Castrillo, sem var óreyndur á þjálfarasviðinu. Við höfðum hins vegar fulla trú á honum og hann endurgalt traustið svo sannarlega,“ segir hann um uppganginn hjá kvennaliðinu.

„Liðið er samansett af íslenskum stelpum sem sækja í það að koma hingað út af háskólanum hérna og þeim liður vel hérna. Við erum með sterkan kjarna af góðum íslenskum leikmönnum sem hafa sest hér að og svo er eiginkona þjálfarans öflugur spilarari auk þess sem við erum með leikmann frá Venesúela,“ segir Arnar um samsetningu kvennaliðsins.

„Karlamégin hefur Filip Szweczyk verið að vinna gríðarlega gott starf og hann hefur sett saman öflugt lið með heimamönnum í bland

við erlenda leikmenn. Þar erum við til að mynda með sterka Bandaríkjamann sem líta á Ísland sem stökupall út í deildirnar í Evrópu. Svo er Ísland bara vinsælt land fyrir erlent fólk til þess að búa í og við erum að njóta göðs af því bæði hjá karla- og kvennaliðinu. Árangurinn hefur svo vakið eftirtekt erlendis og leikmenn liðanna eru að kanna þann möguleika að reyna fyrir sér í Evrópu á næstu leiktíð,“ segir formaðurinn stoltur.

„Það var mögnuð stund að vera í KA-heimilinu bæði á mánudag og þriðjudag og ég fékk bara gæsaþúfa að sjá troðfulla höll af glöðu KA-fólki hampa titlunum. Það er nú ekki oft sem ég klökkna en ég viðurkenni að það gerðist á þessum augnablikum. Við erum fámennur en duglegur kjarni sem stendur að blakdeildinni en þegar leikir eru mætir KA-fjölskyldan á svæðið. Mér finnst félagið og félagsmenn hafa staðið sig mjög vel í því að fylkja sér að baki liðunum sama í hvaða deild það er. Við höfum fengið góðan stuðning úr stúkunni, það hefur gefið okkur auka kraft og við metum það mikils,“ segir Arnar hræður. [hjorvar@frettabladid.is](mailto:hjorvar@frettabladid.is)

**Nýjast****Domino's-deild kvenna Úrslit****Keflavík - Valur 96-100**

**Keflavík:** Brittany Dinkins 39, Sara Rún Hinriksdóttir 23, Birna Valgerður Benónýsdóttir 12, Erna Hákonardóttir 8, Þórunn Kíka Hodge-Carr 8, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 2.

**Valur:** Helena Sværissdóttir 35/10 fráköst, Heather Butler 27, Guðbjörg Sværissdóttir 12, Hallveig Jónsdóttir 11, Bergþóra Holton Tómasdóttir 6, Simona Podesova 6/15 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 3.

Valur leiðir einvígilið 2-0 en hafa þarf betur í þremur leikum til þess að tryggja sér Íslandsmeistararitilinn.

**Olís-deild karla Átta liða úrslit****Haukar - Stjarnan 30-23**

**Haukar:** Orri Freyr Þorkelsson 6, Adam Haukur Baumruk 5, Daniel Þór Ingason 4, Tjörvi Þorgeirsson 3, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3, Ásgeir Örn Hallgrímsson 3, Halldór Ingi Jónasson 2, Heimir Óli Heimisson 1, Atli Már Báruson 1, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1.

**Stjarnan:** Aron Dagur Pálsson 7, Andri Hjartar Grétarsson 6, Andri Már Rúnarsson 3, Árni Þór Sigtrygsson 2, Hjalmtýr Alfreðsson 2, Ari Magnús Þorgeirsson 1, Leó Snær Pétursson 1, Birgir Steinn Jónsson 1.

Haukar vinna einvígilið 2-1 og fara áfram í undanúrslitin.

**Enska úrvalsdeildin****Wolves - Arsenal 3-1**

1-0 Reuben Neves (28.), 2-0 Matt Doherty (37.), 3-0 Diego Jota (45+2), 3-1 Sokratis (80.).

**Man. United - Man. City 0-2**

1-0 Bernardo Silva (54.), 2-0 Leroy Sané (66.).

## Haukar mæta Eyjamönnum

**HANDBOLTI** Ríkjandi deildarmeistarar Hauka mæta ríkjandi Íslandsmeisturum ÍBV í undanúrslitum Olís-deildar karla. Þetta varð ljóst eftir sigur Hauka á Stjórnunni í oddaleik í Hafnarfirði í gær. Þetta verður annað árið í röð sem Haukar og ÍBV mætast í undanúrslitunum eftir að Eyjamenn sendu Haukana í sumarfrí á síðasta ári á vegferð sinni

Í seinna einvíninu mætast Selfoss og Valur þar sem Selfyssingar eru með heimaleikjaréttinn. — **kpt**



4. BLS  
BÆKLINGUR  
KIPPA ÚT

MÖGNUM  
SKEMMTI  
ATRÍÐI

ANDLITS  
MÁLUN

BLÖÐRU  
BRELLUR

CANDY  
FLOSS

HOPPU  
KASTALI

POPP  
KORN



# KIDS

© COOLSHOP



25. apríl 2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innisáttafyllur og myndabreyngi

# OPNUNARHÁTÍÐ

SUMARDAGINN FYRSTA KL.12 Í KRINGLUNNI

LEIKFÖNG  
ÓTRÚLEG  
TILBOÐ



Kids Coolshop Iceland  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
**500ÞÚS**  
GJAFABRÉF Í FACEBOOK  
LEIKNUM OKKAR  
FJÖLDI VINNINGA

KIDS COOLSHOP • KRINGLAN REYKJAVÍK • SMÁRATORG KÓPAVOGI • GLERÁRTORG AKUREYRI



4.999

STIGA JAFNVÆGIS-  
HJÓL LIME GRÆNT  
Algengt verð 9.999

Aðeins 200.stk - 1 á mann



1.499

Aðeins 250.stk - 1 á mann

NERF MAGNUS  
MEÐ SKOTUM  
Algengt verð 4.999



HASBRO  
PIE FACE  
Algengt verð 4.999

999

Aðeins 300.stk - 1 á mann



1.999

Aðeins 150.stk - 1 á mann

FLUGSTÖÐ  
OG FLUGTURN  
Algengt verð 12.999



499

Aðeins 300.stk - 1 á mann

HOT WHEELS  
5 BÍLAR Í PAKKA  
Algengt verð 2.999



199

ÍSLANDS TREFILL  
Algengt verð 1.149

Aðeins 500.stk - 1 á mann



99

SOCCER STARZ  
GYLFI SIGURÐSSON  
Algengt verð 999

Aðeins 300.stk - 1 á mann

# Ki OPNU TILE

Í ÖLLUM VERSLUNUM M



KRINGLAN



SMÁRA

KiDS COOLSHOP Á ÍSLANDI • KRINGLUNNI REYKJAVÍK



# 300 BÓNUS

Opið í dag 10-18  
í öllum verslunum Bónus

Gleðilegt  
**SUMAR**

Ýmislegt í vorverkin

40L

VAN EGMOND

40L



UNIVERSELE

198

kr. parið

Koop Garðhanskar  
Gulir

795

kr. 40 l

Van Egmond Gróðurmold  
40 lítrar

898

kr. stk.

Ultra Clean Moppusett  
Micro Fiber

Munið eftir Stóra  
**PLOKKDEGINUM**  
sunnudaginn, 28. apríl

298

kr. 8 stk.

ES Ruslapokar  
Með höldum, 8 stk.

229

kr. 10 stk.

ES Ruslapokar  
10 stk.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

30  
BONUS  
ára

ÍSLENSKT

*gjörir svo vel*

1kg



Matarmiklar súpur  
**FULLELDAÐAR**  
Aðeins að hita



**1.498**  
kr. 1 kg

Íslensk Kjötsúpa, 1 kg  
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg  
Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg  
Baunasúpa og Saltkjöt, 1 kg



ÍSLENSKT  
Lambakjöt

**1.598**  
kr. kg

Kjarnafæði Lambalærissneiðar  
Sirloin, kryddað

**SAMIA VERÐ  
UM LAND ALLT**



ÍSLENSKT  
Grísakjöt

**1.298**  
kr. kg

Bónus Grísakótilettur  
Kryddaðar



ÍSLENSKT  
Lambakjöt

**1.198**  
kr. kg

Bónus Lambalæri  
Kryddað, sérskorið



**998**  
kr. kg

KS Lambalæri  
Frosið



ÓDÝRARA  
að krydda sjálfur

**1.298**  
kr. kg

KS Lambalæri í sneiðum  
Frosið



Verð gildir til og með 28. apríl eða meðan birgðir endast





FIMMTUDAGUR 25. APRÍL 2019

Tíska




Það er við hæfi á sumardaginn fyrsta að afmælisbarn dagsins sé gleðigjafinn Renée Zellweger sem hefur kitlað hláturtaugar heimsbyggðarinnar á hvíta tjaldinu um árabíl. Hún mælir hálfa öld af ævi sinni í dag.

→4

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Disella Lárusdóttir er sú íslenska óperusöngkona sem hefur átt glæsilegasta ferilinn hjá hinni virtu Metropolitan-óperu í New York. Það er ótrúlegur árangur sem hún hefur náð á söngsviðinu. Hún hefur sungið þar frá árinu 2008 og var fastráðin á tímabili. Hún vill þó frekar búa hér heima. MYND/ERNIR

# Alltaf með annan fótinn í Metropolitan

Disella Lárusdóttir er nýkomin heim frá New York þar sem hún söng hlutverk Serviliu í óperunni La Clemenza di Tito eftir Mozart í Metropolitan-óperunni. Þar hefur Disella sungið undanfarin ár með reglulegu millibili. →2



Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**D**ísella segist fyrst hafa sungið við Metropolitan-óperuna í New York árið 2008 og síðan árlega frá árinu 2011. Hún var fast-ráðin í eitt ár við óperuhúsið frá 2013-2014. Það er mikill sigur fyrir söngvara að fá hlutverk í þessu glæsilega húsi þar sem margir helstu óperusöngvarar sögunnar hafa sungið. Það vakti til dæmis mikla athygli hér á landi árið 1993 þegar Kristján Jóhannsson söng þar. Fyrsti Íslendingurinn sem söng í Metropolitan var María Markan en þá var það talið hámark frægðar söngvara. „Ég er ákaflega stolt að hafa fengið þetta tækifæri,“ segir Dísella. „Stjórnendur eru fljótir að skipta út listamönnum ef þeir eru ekki ánægðir með þá og þess vegna er þetta mikill heiður fyrir mig,“ segir hún.

### Skype-mamma

Dísella segir að það hafi ekki hentað sér að búa og starfa í New York. Hún er með tvo unga drengi og vill að þeir alist upp á Íslandi og læri móðurmálið. „Skólar í New York eru mjög dýrir og það hentar mér betur að fara út með reglulegu millibili og dvelja hér heima þess á milli,“ segir hún en synir hennar, Jökull Orri og Bjartur Lárus, eru 4 og 9 ára. „Þetta er þúsl en gengur ágætlega. Ég var núna í burtu í sex vikur en maðurinn minn, Bragi Jónsson, kom með strákana og var með mér síðustu vikuna,“ segir Dísella en maður hennar er rekstrarstjóri leigumarkaðar BYKO.

„Í haust dvaldi ég í tvo mánuði og mun gera aftur næsta haust. Einnig fer ég í sumar en þá get ég tekið þá með mér,“ útskýrir hún. „Skype er helsti vinur minn á ferðunum því ég er í stöðugu sambandi við fjölskylduna í gegnum tölvuna, get hjálpað við heimalærdóminn og lesið í svefn og svona þegar ég er að heiman. Það er þó ekki nóg að vera Skype-mamma þannig að við eigum okkar gæðastundir þegar ég er heima og get verið alveg til staðar. Ég vona að ég geti verið meira heima á næsta ári,“ bætir hún við.

Dísella hefur ekki sungið mikið hér heima undanfarið en vonast til að það geti orðið breyting á því. „Ég er að undirbúa útgáfu geisladisks með klassískri tónlist og tveimur dægurlögum sem er mjög skemmtilegt. Hann er fyrir íslenskan markað,“ segir hún. Í júní syngur Dísella í nýrri óperu, Proserpine eftir Silviu Colasanti, á Spoleto Festival dei Due Mondi á Ítalíu og hlakkar mikið til þess.

### Glæsilegir indverskir kjólar

Þótt Dísella klæðist ákveðnum



Dísella er með annan fótinn í New York og oft lengi að heiman. Hún segist vera í stöðugu sambandi við fjölskyldu sína í gegnum Skype þann tíma.

MYND/ERNIR



Sumir kjólarnir eru fyrirferðarmiklir og það setur skáapláss í uppnám á heimilinu. Allir skápar fullir af síðkjólum, segir söngkonan.

Ég átti að flytja lag úr Frozen. Ég varð að finna bláan prinsessukjól fyrir litlu aðdáendur þeirrar teiknimyndar í salnum,“ segir Dísella og hlær. „Þegar ég er utan sviðsljóssins vel ég frekar gallabuxur og þægilegan fatnað. Það er mjög erfitt fyrir bakið að vinna á hallandi sviði, eins og þau eru oft, og þess vegna geng ég orðið alltaf í strigaskóm til að verja það dagsdaglega.“

Dísella segist vera dugleg að hreyfa sig og göngutúrar séu í mestu uppáhaldi. „Mér finnst gott að fara út og labba í ferska loftinu. Svo er ég að reyna að lyfta meira til að styrkja mig. Þar sem ég er alltaf á ferðalögum get ég þó ekki fest mig í einni líkamsræktarstöð. Í þessu starfi er engu að síður nauðsynlegt að hreyfa sig reglulega. Maður þarf að geta notað allan líkamann í söngtúlkuninni.“

### Frábær ferill

Dísella útskrifaðist úr Söngskólanum í Reykjavík árið 2002 og fór þaðan í meistaranám við Westminster Choir College, Rider University í Princeton í Bandaríkjunum. Þaðan útskrifaðist hún í maí 2005. Stuttu síðar bar hún sigur úr bítum í Astral Artistic Services 2006 National Auditions, komst í undanúrslit í Lauren S. Zachary National Vocal Competition, og í undanúrslit í söngkeppni Plácido Domingo, Operalia 2006. Árið 2007 bar hún sigur úr bítum í Greenfield-keppni Filadelfíuhljómsveitarinnar. Síðan hefur verið nóg að gera hjá söngkonunni.

Hún hefur lítið sungið í Evrópu en því meira í Bandaríkjunum og mest hjá Metropolitan-óperunni í New York. Fyrir tveimur árum söng hún titilhlutverkið í óperunni Lulu eftir Alban Berg í Róm. „Núna er draumur minn að syngja meira hér heima. Því miður eru tækifærin ekki mörg í íslenska óperuheiminum en það er ágætt að minna á sig með plötu,“ segir söngkonan en eins og flestir vita er mikil tónlist í ætt hennar. Móðir hennar, Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona, söng í revíum á fjöllum leikhússins og faðir hennar, Lárus heitinn Sveinsson, var trompetleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá hafa systur hennar tvær, Þórunn og Ingibjörg, báðar verið öflugar söngkonur.

Skype er helsti vinur minn því ég er í stöðugu sambandi við fjölskylduna í gegnum tölvuna, get hjálpað við heimalærdóminn og lesið í svefn þegar ég er að heiman.



Dísella er óhrædd við liti og hún á kjóla í öllum regnbogans litum.

búningum í óperuuppfærslum þá þarf hún að eiga mikið af glæsikjólum til að mæta á hinar ýmsu uppkomur og koma fram á tónleikum. „Ég hef fundið alls konar indverskar brúðarkjólaverslanir í New York. Þær bjóða hádrámatíska, palliættuskreytta glæsilega síðkjóla. Þetta eru litríkir kjólar sem henta mjög vel á sviði. Það er partur af „showinu“ að vera svölitið skrautlegur. Ég á orðið allt of



Hvítur og elegant síðkjóll sem fer Dísellu einstaklega vel á sviðinu.

marga kjóla sem fylla alla skápa. Þetta er að verða vandamál þar sem þeir taka mikið pláss. Ætli ég þurfi ekki að selja eitthvað af þessu til að grísa,“ segir hún. „Ég reyni að eiga sem flesta liti af kjólum sem henta við hin ýmsu tækifæri. Sumir eru aðsníðnir en aðrir með prinsessupils. Þegar ég söng á jótónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2015 leitaði ég að alveg sérstökum kjól þar sem

**Gleðilegt sumar**  
Síðbuxur, kvartbuxur, stuttbuxur og leggings

Stærðir 33-53

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@torg.ehf | Kristín Þorsteinsdóttir@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



BITTE KAI  
RAND

1 9 8 1

GLEÐILEGT  
SUMAR!

**20-50% afsl.**  
af BITTE KAI RAND

Föstudag 10-18  
Laugardag 10-16  
Mánudag 10-18

Sumardagurinn fyrsti - lokað

*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



# 50 ára sólargeisli

Það er við hæfi á sumardaginn fyrsta að afmælisbarn dagsins sé gleðigjafinn Renée Zellweger sem hefur kitlað hláturtaugar heimsbyggðarinnar á hvíta tjaldinu um árabíl. Hún mælir hálfa öld af ævi sinni í dag.



Aldurinn fer vel með Renée Zellweger. Hér má sjá hana á þrítugasta, fertugasta og fimmtugasta afmælisári sínu.



## Sumargjöf

**20% afsláttur**  
af peysum föstudag og laugardag

**Ríta**

Við erum á Facebook Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is

Renée er norsk-svissneskur Bandaríkjamaður, fædd 25. apríl 1969 í bænum Katy í Texas. Faðir hennar er svissneskur verkfræðingur og móðir hennar norsk ljósmóðir sem hélt vestur um haf til að starfa hjá norski fjölskyldu. Renée gekk í menntaskólann í Katy þar sem hún var klapstýra, og virkur þátttakandi í leiklistarklúbbnum og ræðuliðinu. Á námsárunum var hún einnig ötul íþróttamanneskja og stundaði fimleika, fótbolta, körfubolta, hafnabolta og ruðning. Renée var afburða námsmaður og fór rakkleidis í Texas-háskólann í Austin eftir framhaldsskóla, þar sem hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og sótti leiklistartíma með háskólanáminu.

Renée vakti fyrst verulega eftirtekt sem leikkona þegar hún lék aðalhlutverk á móti sjálfum Tom Cruise í kvikmyndinni Jerry Maguire. Hún hélt áfram að heilla mannkynið með skökku brosi sínu og látlausum sjarma í Nurse Betty og sló endanlega í gegn sem hrakfallabálgurinn Bridget Jones í samnefndri kvikmyndaseríu á árunum 2001 til 2016, þar sem hún lék á móti bresku sjarmatröllunum Hugh Grant og Colin Firth. Hún tók sér sex ára hlé frá leikstörfum á árunum 2010 til 2016 en þá var það aftur hlutverk Bridget Jones í rómantísku gamanmyndinni Bridget Jones's Baby sem fékk hana til að leika á ný. Það hafði áður verið mjög gagnrýnt að Renée Zellweger fengi hlutverk Bridget Jones þar sem hún var hvorki bresk, feit né keðjureykta, en engin hefði getað gert betur. Nú síðast lék hún lítið hlutverk í Here and Now á móti Söruh Jessicu Parker og leikur næst Judy Garland í ævisögulegri mynd Ruperts Goold um söngkonuna.

Fegurðardísinn Renée hefur í árunna rás prýtt forsiður Vanity Fair, Vogue, Elle, Allure, Detour og Harper's Bazaar. Hún dregur ídulega að sér athygli á rauða dreglinum fyrir fagaðan stíl og hefur þar oft klæðst galakjólum vinkonu sinnar, Carolinu Herrera. Hún var valin ein af fegurstu manneskjum heims árið 2003 og hefur verið á lista Forbes yfir 20 ríkustu skemmtikraftana. Árið 2014 var leikkonan gagnrýnd fyrir að hafa látið lýtalækna gera sig nær óþekktanlega en þeirri gagnrýni svaraði Renee: „Kannski



Renée hlaut heimsfrægð fyrir túlkun sína á hrakfallabálgnum Bridget Jones og lék þar með hjartaknúsurunum Colin Firth og Hugh Grant.



lít ég öðruvísi út, en hver gerir það ekki þegar hann eldist? Ég er vissulega öðruvísi. Ég er hamingjusöm.“

Renée var trúlofuð gamanleikaranum Jim Carrey um aldamótin en giftist sveitasöngvaranum Kenny Chesney í maí 2005. Þau skildu eftir fjóra mánuði. Hún byrjaði með leikaranum Bradley Cooper eftir að þau kynntust við tókur á Case 39 árið 2009 ástin var fyrir bí tveimur árum síðar. Frá árinu 2012 hefur hún átt í ástarsambandi við tónlistarmanninn Doyle Bramhall II.

Leikkonan lætur til sín taka í ýmsum góðgerðarmálum, þar á meðal vitundarvakningu um HIV-sjúkdóminn fyrir svissneska heilbrigðisráðuneytið 2005 og árið 2011 heimsótti hún Líberíu fyrir jafnréttindasamtökin The Great Initiative. Hún átti einnig samstarf við Tommy Hilfiger um hönnun handtaska til að safna fé og vekja athygli á brjóstakrabba-meini.

**GLEÐILEGT SUMAR**  
SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style **tiskuhús**

mystyle **Holtasmára 1**  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464



# SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

# RolfPRIMA



TRI VERSLUN  
TRI VERKSTÆÐI  
TRI VEFVERSLUN



## CUBE

## 2019

# reiðhjólin eru komin!



CUBE STEREO



CUBE AIM "27.5



CUBE ATTAIN

# SUMARDAGURINN FYRSTI!

## OPIÐ FRÁ 10:00 - 16:00

## WWW.TRI.IS



# #cubebikes #triverslun

# TRI VERSLUN



Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

Sími: 571 8111 Netfang: info@tri.is

DT SWISS

DT SWISS

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verzlunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



# Útskriftarhátíð Listaháskólans

Útskriftarhátíð Listaháskóla Íslands hefst í dag, fimmtudag, og stendur yfir til sunnudagsins 26. maí. Hátíðin þykir einn af hápunktum menningararlífsins á höfuðborgarsvæðinu en þá fara fram fjölmargir viðburðir úr öllum deildum Listaháskólans, þ. á m. úr fatahönnunardeild.

Á útskriftarhátíðinni er sýndur afrakstur á bæði bakkalár- og meistarastigi en hvern viðburð



Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun fer fram í Hörpu 30. apríl.

er hægt að kynna sér á vef Listaháskólans og á Facebook-síðu skólans.

Meðal viðburða fatahönnunardeildar skólans má nefna tískusýningu útskriftarnema í fatahönnun sem fer fram í Hörpu þriðjudaginn 30. apríl kl. 19.

Dagana 4.-19. maí verður útskriftarsýningin OMEN haldin en þar sýna nemar á meistarastigi í fatahönnun verk sín. Sýningin verður haldin í Ásmundarsal við

Freyjugötu og er opnun hennar kl. 20.

Fritt er inn á alla viðburði og eru allir gestir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Stór hluti annarra viðburða fer fram í menningarhúsunum í Kópavogi, t.a.m. útskriftarviðburður meistaránema í listkennslu og hluti tónleika útskriftarnema úr tónlistardeild. Aðrir viðburðir fara fram víðsvegar um Reykjavík.

REYKJAVÍKURBORG  
BYÐUR GLEÐILEGT  
SUMAR

FRÍTT Í SUND  
OG FJÖLSKYLDUGARÐINN!  
HOPPUKASTALAR OG ALLSKONAR  
SKEMMTILEGT SKÁTAFJÖR  
VIÐ LAUGARNAR OG  
Í FJÖLSKYLDUGARÐINUM  
Á SUMARDAGINN  
FYRSTA



ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ÍTR.IS

Skátarnir



ÍTR



Katrín, hertogaynja af Cambridge, er alltaf glæsileg og virðulega klædd.

## Vekur alltaf athygli

Katrín, hertogaynja af Cambridge, vekur ávallt athygli hvar sem hún kemur. Allt sem hún klæðist vekur sömuleiðis athygli. Þegar hún mætti í páskamessu á 93 ára afmæli drottningarinnar í kapellu heilags Georgs í Windsor-kastala var eftir því tekið að Katrín var með sömu demantseyrnalokka og hún bar á brúðkaupsdaginn sinn 29. apríl 2011. Það stýttist í átta ára brúðkaupsafmælið sem kallast brons. Bretar eru ánægðir með að hún skuli nota hlutina sína oftar en einu sinni.

Katrín var í ljósbláum kjól og kápu úr smíðju Alexander McQueen en hatturinn er frá Jane Taylor. Venjulega kemur öll konungsfjölskyldan í páskamessu en að þessu sinni var Meghan fjarverandi enda á hún von á barni á hverri stundu. Karl og Camilla voru sömuleiðis fjarverandi sem og Filippus prins sem er orðinn 97 ára.



## Stórskornir strigaskór

Svo virðist sem þykkbotna strigaskór séu það vinsælasta þegar sumarið gengur í garð. Þeir eru klossalegir, hafa sést þó nokkuð í vetur en verða enn vinsælli í sumar. Skórnir eru sagðir þægilegir og passa vel við bæði gallabuxur, stuttbuxur eða kjóla. Balenciaga hefur verið framarlega í framleiðslu á þessum skóm og það sést varla sú fyrirsæta á götum stórborga sem ekki er í skóm frá þeim.

Skórnir geta verið ósköp látlausir þó stórgerðir séu en sumir eru afar skrautlegir, silfurlitir, gylltir eða í lit sem kallast rósa-gull og hefur verið mjög vinsæll undanfarið.



# Sumargrill

FIMMTUDAGUR 25. APRÍL 2019



## Gott verð á grillum í yfir 10 ár

Múrbúðin hefur boðið upp á gasgrill í yfir 10 ár. Á þeim tíma hafa selst nokkur þúsund grill og hefur reynslan af þeim verið mjög góð. Sumarskapið er aðeins einni heimsókn frá, því Múrbúðin býður einnig upp á góða garðverkfæri á góðu verði. ➔





Svavar Þórisson, verslunarstjóri Múrbúðarinnar, á gólfinu þar sem breitt vöruúrval sést svo greinilega hvort sem það eru Kaliber-grillin eða sláttuvélar og garðverkfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er markmið Múrbúðarinnar að bjóða gott verð fyrir alla, alltaf. Gasgrillin eru engin undantekning. Með því að kaupa beint af framleiðanda og stilla álagningu í hóf, þá getur Múrbúðin boðið gasgrill á mjög hagstæðu verði.

Í samtali við Svavar Þórisson, verslunarstjóra hjá Múrbúðinni, kom fram að í sumum tilvikum væri verðið sem Múrbúðin býður meira en helmingi lægra en á samþærilegu grilli hjá öðrum. „Við getum boðið þessi lágu verð með því að kaupa beint af framleiðanda og með því að stilla fjölda tegunda í hóf. Við bjóðum vinsælustu gerðirnar af grillum, þ.e. ferðagrill, 3 brennara og 4 brennara. Með öllum grillunum fylgir þrýstijafnari.

Það er gaman að því þegar ánægðir viðskiptavinir okkar koma hingað með ættingja eða vini til að láta þá kaupa sér grill hér. Ég man sérstaklega eftir einum sem kom með barnabarnið sitt hingað til að kaupa grill. Hann sagði að strákurinn hafi ætlað að fara að kaupa sér grill fyrir yfir 100.000 kall, sem gerði ekkert meira en grillin sem fengjast í Múrbúðinni fyrir helmingi minni pening. Afinn hafði keypt grill frá okkur þremur árum fyrr sem hafði reynt honum mjög vel og honum fannst algjör vitleysa að fara að borga tvöfalt meira fyrir eitthvert merki.“

#### 4 brennara grillin vinsælust

Svavar segir að Múrbúðin hafi haft það markmið að bjóða alltaf hag-



Lokað er hjá Múrbúðinni í dag, sumardaginn fyrsta. Það er stefna búðarinnar að gefa starfsfólki fri á lögbundnum frídögum. Skynsamlegur opnunartími skilar sér líka í lægra verði til viðskiptavina.



Öflugt og vandað fjögurra brennara gasgrill frá Kaliber með hliðarhellu, hliðarborði og 2.940 fersentimetra grillfleti. Kostar aðeins 54.990 krónur. Að sjálfsögðu fylgir þrýstijafnari.

„Afinn hafði keypt grill frá okkur þremur árum fyrr sem hafði reynt honum mjög vel og honum fannst algjör vitleysa að fara að borga tvöfalt meira fyrir eitthvert merki.“

stætt verð á grillum. „Í dag bjóðum t.d. við kraftmikið 3 brennara grill sem er 9 kW og með 700x420 mm grillfleti. Þetta grill kostar aðeins 26.990 og þrýstijafnari fylgir með. Þetta grill er mjög vinsælt, sem og ferðagrillin sem við seljum. Þau eru með tvöföldum brennara sem skilar 5kW og kosta 24.590.“ Aðspurður segir Svavar að 4 brennara grillin séu vinsælust. Þau eru með stóran grillflöt sem nýtist vel þegar halda á góðar grillveislur.

#### Allt í vorverkin

Múrbúðin býður ekki bara grill á góðu verði, heldur flest allt fyrir vorverkin í garðinum. Þannig selur Múrbúðin sláttuvélar og sláttuorf, mikið úrval af garðverkfærum og líka portúgalska blómapotta úr leir sem hafa notið mikilla vinsælda auk moldar og áburðar. Það er þannig hægt að koma sér í sumargirinn með heimsókn í Múrbúðina. Gripa með sér garðverkfærin sem vantar og grill. Það er uppskrift að góðu sumri.



# GRILLAÐU AF GLEÐI



## CHAR-BROIL GASGRILL 2200S PRO

Ertu með lítið pláss fyrir grillið? Eða er fjölskyldan fámenn? Þá er þetta 2 brennara grill einmitt grillið fyrir þig.

**49.900 KR.**

Kynningarverð á charbroil.is, fullt verð 78.900 kr.



## VIÐ KYNNUM NÝJAN VEF, CHARBROIL.IS

FÁÐU HUGMYNDR OG KÍKTU Á GRILL OG AUKAHLUTI. ÞAR GETUR ÞÚ KEYPT ÓSKAGRILLIÐ ÞITT.

## CHAR-BROIL BIG EASY SRG

REYKIR, STEIKIR OG GRILLAR

Með Big Easy getur þú reykt kjöt, steikt kjúkling og grillað steikur.

**56.900 KR.**



## CHAR-BROIL GASGRILL 4400S PRO

Þetta 4 brennara grill er fullkomið fyrir grillmeistarann sem þarf að grilla fyrir marga.

**115.900 KR.**



ERTU GRILLARI?  
GERÐU ÞAD RÉTT.  
STADREYNDIR UM  
OKKUR:

ALLT AÐ  
30%  
MINNI GAS  
NOTHUN

MEIRI  
HITA  
STJÓRNUN

HINDRAR  
ELDTUNGUR

100%  
JAFN  
HITI

ALLT AÐ  
SAFARIHARI  
MATUR

TRU  
INFRARED™

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Char-Broil



# Grillað grænmeti er málið

Það er hægt að bjóða upp á ýmislegt annað en stórsteikur og góðar sósur þegar kveikt er á grillinu. Hér býður Sunna Rut Garðarsdóttir lesendum upp á tvær vegan uppskriftir fyrir grillið.

Starri Freyr  
Jónsson  
starri@frettabladid.is



Eftir að Sunna Rut Garðarsdóttir gerðist vegan opnaðist nýr heimur matargerðar fyrir henni að eigin sögn. Í dag segist hún vera stelpa á kaffistofunni sem býður öllum að smakka matinn sinn. „Mér finnst mjög mikil-



Svartbauna- og kínóaborgari með guacamole er afar ljúffengur.



Sunna Rut Garðarsdóttir heldur úti vegan blogginnu just-somevegan-stuff.com.



Grilluð sæt kartafli í Miðjarðarhafsþúningi virkar vel sem aðalréttur eða meðlæti.

vægt að fólk viti hvað vegan matur getur verið yndislega bragðgóður. Ég opnaði Instagram-síðu og síðar bloggið justsomeveganstuff.com því mig vantaði miðil til að tjá ástríðu mína fyrir veganisma og matargerð. Flestar uppskriftirnar eru mjög byrjendavænar og auðvelt að breyta og bæta eftir smekk. Uppáhaldshraefni mín eru sætar kartöflur og sveppir, sama hvernig þau eru elduð. Í sumar ætla ég t.d. að prófa ýmsar tegundir af fylltum grilluðum sveppum.“

## Svartbauna- og kínóaborgari með guacamole

4-6 borgarar

1 dós svartar baunir  
½ rauðlaukur  
2 hvítlauksgeirar  
1 msk. bbq-sósa  
½ bolli af elduðu kínóa  
½ dl hveiti  
1 tsk. hvítlauksduft, reykt paprika, cumín, salt og pipar

## Guacamole

2 meðalstórar lárperur  
¼ rauðlaukur  
6 kirsuberjatómatar  
Handfylli ferskur kóriander  
Smá sítrónusafi  
Salt og pipar eftir smekk

## Meðlæti

Hamborgarabrauð  
Annað grænmeti og sósur sem gott er að setja á hamburgara.

Eldið kínóað samkvæmt leiðbeiningum. Skolið baunirnar í sigti og þurrkið eins vel og mögulegt er. Setið baunirnar, laukinn og hvítlaukinn í blandara og hrærið létt saman. Bætið kínóanu hægt við ásamt bbq-sósunni. Færið deigið í passlega skál og bætið við hveitinu og kryddunum og hrærið. Ef deigið er of blautt þá má bæta við hveiti í smáum skrefum þar til áferðin er passleg. Mótið 4-6 borgara með

höndunum, leggið á disk og geymið í ísskáp á meðan guacamole er útbúið.

Maukið lárperur með gaffli í skál. Skerið laukinn mjög smátt og setjið í skálina. Kirsuberjatómatar eru skornir í fernt og bætt út í. Saxið niður kóriander og bætið út í skálina. Skvettið smá sítrónusafa út í og saltið og piprið eftir smekk. Grillið borgarana á hvorri hlið í 3-4 mínútur ásamt því að rista brauðin. Ef þið viljið vegan ost á borgarann er hann settur á seinni hliðina.

Raðið þessu saman ásamt þeim áleggjum og sósam sem þið kjósið. Ég elska papriku, gúrku, sriracha-sósu og nóg af bbq-sósu.

## Grilluð sæt kartafli í Miðjarðarhafsþúningi fyrir tvo

Þessi réttur er geggjáður sem aðalréttur en virkar líka vel sem meðlæti. Ef hann á að vera meðlæti mundi ég nota litlar kartöflur því rétturinn er mjög saðsamur.

## 2 meðalstórar sætar kartöflur

Dós af kjúklingabaunum  
½ tsk. cumín, reykt paprika, kóriander og kanill  
½ msk. ólífuolía  
Smá salt

## Hummus-dillsósa

2 msk. rúmar af hummus (t.d. frá Gestus úr Krónunni)  
1 tsk. hvítlauksduft  
1-1½ tsk. dill  
Salt og pipar eftir smekk  
1 msk. af jurtamjólki til þynningar

## Valfrjálst annað meðlæti

### Guacamole

### Steiktir sveppir

### Spínat

### Vegan fetaostur

Vefjið kartöflunum í álpappír og grillið þar til þær eru tilbúnar (40-90 mín.). Stingið grillprjóni í þær til að athuga hvort þær séu tilbúnar.

Skolið og þerrið kjúklingabaunirnar og setjið í skál. Blandið olíunni og kryddunum saman við og hrærið vel. Skellið þeim á bökun-arplötu og bakið á 200 gráðum í 20 mín. Setjið innihaldsefni sósunnar í skál og hrærið vel saman. Ef þið viljið hafa annað meðlæti er það undirbúið á þessu stigi. Setjið meðlæti í skál. Látið eina kartöflu á hvern disk, opnið þær þversum, þjappið aðeins með gaffli og raðið öllu á sem lystilegast.

Sjá nánar justsomeveganstuff.com og instagram.com/justsomeveganstuff.

# Grillad grænmeti

## SMÁTÓMATAR

- 1 Þræðið upp á spjót.
- 2 Penslið með mangó chutney og grillið þar til brúnast.



Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á [islenst.is](http://islenst.is)

ÞÚ VEIST  
HVADAN ÞAD  
KEMUR

Íslenskt  
grænmeti



# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## GLEÐILEGT GIRNILEGT GRILLSUMAR

Austin and Barbeque - Gæða grill með fjölda eiginleika

6+1 BRENNARA  
GASGRILL  
59.999



4+1 BRENNARA  
GASGRILL  
45.999



3 BRENNARA  
GASGRILL  
31.999



FERÐA  
GASGRILL  
10.999



GRILLIN FÁST Í VERSLUNUM SUPER1 Í FAXAFENI OG SMÍÐJUVEGI. GRILLIN SELJAST ÓSAMSETT Í KASSA.



SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1

FAXAFENI 14



SUPER 1

SMÍÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA



# Gerði áhugamálið að starfi sínu

Eygló Harðardóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, söðlaði heldur betur um í janúar og hóf matreiðslunám á Hótel Sögu undir handleiðslu Ólafs Helga Kristjánssonar yfirmatreiðslumanns.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Eygló, sem er 46 ára, stefnir á að klára sveinsprófið fyrir fimmtugt. Það er reyndar nóg að gera hjá henni um þessar mundir. Hún og eiginmaður hennar, Sigurður E. Vilhelmsson, standa í húsbýggingu í Mosfellsbæ auk þess sem hún stýrir undirbúningi og framkvæmdum fyrir nýtt fjölbýlishús Kvennaathvarfsins. „Ég byrjaði á samningi hjá Hótel Sögu í janúar og finnst það alveg dásamlegt. Þar er góður andi, skemmtilegir vinnufélagar og svo fæ ég að vinna með mat allan daginn,“ segir hún. Eygló vill ekki meina að gamall draumur sé að rætast með kokkastarfinu en hún hafi engu að síður alltaf haft ástríðu fyrir matargerð.

„Þegar ég tók ákvörðun um að hætta í pólitík þurfti ég að velta fyrir mér hvað mig langaði að verða þegar ég yrði stór. Matargerðin var það sem ég hafði mestan áhuga á og hefur fylgt mér alla ævi en ég velti líka fyrir mér smíði,“ segir hún. Eygló er með stúdentspróf frá FB og fil. kand.-próf í listasögu frá Stokkhólms-háskóla. Þá nam hún viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Kokkanámið tekur fjögur ár og er bæði starfsnám og þrjár annir í Menntaskólanum í Kópavogi.

Þegar Eygló er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart í nýja starfinu, svarar hún því játandi. „Ég er núna í veisluþjónustunni og það hefur komið mér á óvart hversu mikið magn af mat við erum oft að undirbúa. Það er talsverður munur að elda fyrir fjölskylduna sína eða 250 manns. Einnig hópvinna, verkaskipting-in og hversu gríðarlega mikilvæg skipulagning er hjá matreiðslumönnum,“ útskýrir Eygló. Hún segist ekkert hafa fundið fyrir því að hún sé elsti neminn. „Þarna starfar alveg ótrúlega líflegur og fjölbreyttur hópur saman. Fólk alls staðar að úr heiminum og með mismunandi bakgrunn. Það er mikilvægt að prófa nýja hluti í eldhúsinu og ef það mistekst þá reynir maður aftur. Okkur mistekst alltaf eitthvað í matseldinni sem og lífinu. Aðalatriðið er að læra af mistökum,“ segir hún. „Ég



Eygló Harðardóttir var á kafi í byggingarvinnu um páskana þegar myndin var tekin. Hún hefur ekki bara áhuga á matargerð heldur einnig smíðum. Hún stundar nú nám í matreiðslu á Hótel Sögu og finnst gaman. MYND/ERNIR

er mjög þakklát fyrir að fá tækifæri til að starfa við það sem mér finnst skemmtilegt,“ segir Eygló sem gefur lesendum einfaldar og góðar grilluppskriftir.

## Sumarlegt kartöflusalat

500 g rauðar kartöflur, soðnar, skornar í grófa bita

1 sítróna

2-3 stíllkar ferskt timjan

1 lítið búnt ferskt dill, saxað fint

1-2 msk. smjör

1-2 msk. ólífuoía

2-3 handfyllir af klettasalati

Salt og pipar

Skolið kartöflurnar, skerið í hæfilega stóra bita og setjið í pott með vatni. Skrælið börkinn af sítrónunni út í pottinn og skutlið timjanstilkunum úti í. Sjóðið þar til kartöflurnar eru mjúkar þegar hnifi er stungið í þær, um það bil 10 mínútur.

Hellið vatninu af kartöflunum þegar þær eru orðnar soðnar og setjið til hliðar á meðan dillið er saxað.



Girnilegur hamburgari er alltaf vinsæll á útigrillið. Eygló gefur uppskrift að hamburgara og heitu kartöflusalati sem hún segir að sé mjög sumarlegt.

Setjið kartöflurnar í skál ásamt dillinu, smjörinu og ólífuoíunni og blandið saman. Saltið og piprið.

Blandið saman 2-3 handfyllum af klettasalati við rauðu kartöflurnar rétt áður en kartöflusalatið er borið fram og kreistið safann yfir hálfri sítrónu yfir.

## Grillaðir hamburgarar með papriku- og cheddar-ostablöndu

230 g majónes

230 g rauð paprika, fint söxuð

400 g cheddar-ostur, rifinn gróft

Salt og pipar

600 g nautahakk

Olía

4 hamburgarabrauð, skorin í tvennt og ristúð

8 sneiðar beikon, eldaðar stökkar

4 sneiðar laukur, grillaðar

4 sneiðar stór tómatur

1 stór súr gúrka, skorin þunnt

Best að skera fyrst niður grænmetið og rífa ostinn. Skerið brauðin ef þarf og setjið á ofnplötu. Setjið beikonið á bökunar-pappír og á ofngrind.

Majónesið er saltað og piprað að smekk í skál. Paprikan og osturinn eru sett saman við majónesið. Blandið varlega saman. Setjið yfir skálina og kælið í allavega 30 mínútur fyrir notkun.

Undirbúið grillið. Bakið beikonið í ofni. Takið úr ofninum þegar það er orðið stökkt og setjið á pappír til að ná mestri fitunni af. Munið að rista brauðin, í ofni eða á grillinu ef það er pláss.

Saltið og piprið hakkið.

Deilið því upp í fjóra jafn stóra skammta. Mótið hvern skammt í borgara með dæld í miðjunni fyrir ostablönduna. Berið olíu á báðar hliðar borgaranna. Grillið borgara á báðum hliðum þar til þeir eru orðnir gullinbrúnir, jafnvel brúnaðir og eldaðir í samræmi við óskir hvers og eins. Síðustu mínútuna af eldunartíma er ostablandan sett ofan á hvern borgara og grilllokið sett yfir, í um það bil 1 mín. Ekki gleyma að grilla laukinn létt.

Hamburgararnir fara á brauðin og þar ofan á er sett beikon, lauksneið, tómatsneið og súr gúrka.



**SUPER 1**  
HALLVEIGARSTÍG 1



**SUPER 1**  
FAXAFENI 14



**SUPER 1**  
SMIÐJUVEGI 2

**OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA**





# SÉRVALIÐ GULLAUGA Í UMHVERFISVÆNUM UMBÚÐUM



KOMNAR Í VERSLANIR





# Grænmeti á grillið

Grillað grænmeti bragðast allt öðruvísi en soðið grænmeti enda inniheldur það náttúrulegan sykur sem karamellast við háan hita. Fyrir vikið öðlast grænmetið dýpra og kraftmeira bragð. Flest allt grænmeti bragðast vel grillað og er um að gera að prófa sig bara áfram. Hægt er að skella því beint á grillið, þræða upp á tein eða grilla í álbakka, allt eftir stærð bitanna

og mýkt grænmetisins.

Fennikan er tiltölulega ný á borðum landsmanna en bragðast mjög vel grillað þar sem anis-bragðið nýtur sín vel. Skerið rötarendann af og fjarlægjið ysta lagið ef þarf. Skerið þunnar sneiðar, penslið með olíu og kryddið með salti og pipar eða öðru kryddi.

Eggaldin er annað grænmeti sem er tiltölulega nýtt fyrir marga

landsmenn. Eggaldin hentar mjög vel á grillið en til að það verði stökkara og safaríkara er best að láta sneiðarnar liggja í saltvatni í um 30 mínútur. Leysið 2 msk. af salti upp í 1 dl af heitu vatni. Sneiðið eggaldinið langsum eða þversum í 1 cm sneiðar. Leggið sneiðarnar í skál og hellið saltvatninu yfir ásamt köldu vatni. Látið liggja í 30 mín. Þerrið sneiðarnar, penslið þær með olíu og

saltið eða notið annað krydd.

Kúrbiturinn er dásamlegur grillaður og hentar með kjöti og fiski. Sneiðið langsum í 0,5-1 cm þykkar sneiðar. Penslið með olíu og skellið á grillið. Salt og pipar passar frábærlega með og ekki spara saltið.

Einnig er gott að bera grillaðan kúrbit og eggaldin fram á fati, strá yfir fetaosti og ferskum kryddjurtum eða chili.



Ylfa Helgadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Góð sósa skiptir miklu máli

Vegan sósa frá Ylfu Helgadóttur sem passar með flestöllum grillmat.

4 dl sojamjólk

5 dl olía

2 msk. edik

3 geirar hvítlaukur

2 msk. sinnep

Safi úr 1 sítrónu

1 tsk. paprikuduft/Season All

1 tsk. laukduft

1 tsk. salt



Það er stórsniðugt að grilla kókoskúlur en betra að nota kókosbollur.

## Grillgott með kókosbollum og karamellum

Hægt er að leika sér með ótal útfærslur þegar kemur að grilluðum eftirrættum. Þar blandast gjarnan saman grillaðir ávextir, einhvers konar súkkulaði og góður ís. Hér er uppskrift að gómsætum eftirrætti sem inniheldur m.a. kókosbollur, ávexti og Dumle-karamellur.

Uppskrift fyrir 4

1 stór banani, skorinn í sneiðar

2 stórar perur, afhýddar og skornar í bita

100 g vinber

2-3 kivi, skorin í bita

1 poki Dumle-karamellur (120 g)

4 kókosbollur

Ávöxtunum er blandað saman og þeir settir í álbakka. Karamellurnar eru klipptar eða skornar niður í þrjá bita hver og þeim dreift yfir ávextina. Kókosbollurnar eru skornar í tvennt langsum og þeim raðað yfir ávextina þannig að hvíta kremið visi upp. Grillað við lágan til meðalhita í um það bil 8-10 mínútur eða þar til karamellurnar eru bráðnaðar og hvíta kremið í kókosbollunum orðið stökkt. Borið fram strax með ís.  
Heimild: eldhussogur.com

# VORIÐ KALLAR Á NÝJA KILJU




Ógnvænleg spennusaga eftir höfund Forbrydelsen – bók sem þú mátt ekki missa af




Meistari spennutryllanna, Kepler, snýr aftur með sjöundu bók sína um Joona Linna og félagi í Stokkhólmstöreglu



Einstök saga um þrautseigju, lífsvilja og samkennd eftir einn þekktasta rithöfund Noregs



Flugbeitt og meinfyndin glæpasaga eftir franskan verðlaunahöfund



Launfyndin skáldsaga úr íslenskum samtíma eftir Hauk Má Helgason



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flokkum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is



VW GOLF GTE PANORAMA nýskr. 05/2017, ekinn 10 þ.km, bensín/ rafmagn, sjálfskiptur. Hlaðinn aukabúnaði s.s. virtual cockpit, glerpak ofl. Verð 4.550.000 kr. Raðnr. 259068



AUDI A3 E-TRON S-LINE nýskr. 11/2017, ekinn 16 þ.km, bensín/ rafmagn, sjálfskiptur, hlaðinn aukabúnaði s.s. Virtual cockpit, S-line innan og utan ofl. Verð 4.650.000 kr. Raðnúmer 259292



**PLUG IN HÖFÐAHÖLLIN**  
Sýnum og seljum glæsileg eintök af - AUDI A3 E-tron árg 2017 - VW Golf GTE árg. 2017 og 2018 - BMW 225xe iperformance árg. 2017 - BMW 530e iperformance M-sport árg. 2018

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is



## Bílar til sölu



**VOLVO XC V70 TIL SÖLU.**  
Volvo V70 station. Árg. 2000. Mjög góður bíll. Vel viðhaldið. Smurbók frá upphafi. Skoðaður. Sjálfskiptur og með dráttarkrók. Falletur bíll með góða aksturseiginleika og þægileg leðursæti. Góð sumardekk og ný Michelin nagladekk fylgja. Upp. í síma 893 7719 og 698 7563

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**  
Kaupi bíla 25-350þús  
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**  
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér trjáklippingar og garðvinnu. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Húsviðhald



• FYRIRTÆKI  
• FJÖLBÝLISHÚS  
• SKIP  
• VEITINGASTAÐIR

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**  
Tilboð dyrasímaakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Skólar & Námskeið

